FRÉTTABLAÐIÐ

219. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 16. SEPTEMBER 2016

Föstudagsviðtalið



# Vill Sigmund aftur sem forsætisráðherra

**Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra segir að betra hefði verið að gera ítarlegri rannsóknir og útreikninga fyrir samþykkt búvörusamninga.** **Síða 10**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Finnur Árnason, forstjóri Haga, svarar bændaforystunni. 12

**MENNING** Verk Einars Þorlákssonar eiga mikið erindi inn í samtímann. 21-22

**LÍFIÐ** Steindi Jr fer af stað með nýja gamanþætti. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Aðstoð til að flytja aftur heim

**HÆLISLEITENDUR** Áætlað er að aðstoða 100 hælisleitendur við að flytja heim til sín á næstu átján mánuðum á grundvelli samnings sem Útlendingastofnun og Alþjóða fólksflutningastofnunin (IOM) hafa gert. Samningurinn snýst um aðstoð við sjálfviljuga heimför.

Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, segir að verkefnið kosti tæpar 36 milljónir króna. Þar af eru 19,5 milljónir greiddar til Alþjóðlegu flutningastofnunarinnar fyrir þjónustuna. Sextán milljónir króna eru ætlaðar fyrir 100 flutninga.

Fram kom í máli Tobiasar van Treeck, verkefnastjóra á skrifstofu IOM í Helsinki, að stuðningurinn geti verið margvíslegur. Í sumum tilfellum er einungis um að ræða stuðning við fólk til að flytjast búferlum, en í öðrum tilfellum stuðning við fólk til að koma sér fyrir í heimalandinu.

„Vonir okkar standa til þess að fólk muni nýta sér þessa leið,“ segir hún.

Eins og greint hefur verið frá hafa aldrei jafn margir sótt um hæli hér á landi og nú. Heildarfjöldi umsókna það sem af er ári er þegar meiri en allt síðasta ár. Heildarfjöldi umsækjenda á fyrstu átta mánuðum ársins var 384 en á sama tíma á síðasta ári höfðu borist 156 umsóknir. – jhh



**Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar**



## Veður




Hæg sunnanátt en bætir heldur í vind þegar líður á daginn. Þokkalegt haustveður á norðaustanverðu landinu, sólskin á köflum og stöku rigningarskúrir. Þungbúnara veður í öðrum landshlutum og nokkuð vætusamt. Hiti 8 til 14 stig, hlýjast á Norðausturlandi. SJÁ SÍÐU 20



Ólafía B. Rafnsdóttir

# Kynbundinn launamunur helst í tíu prósentum

**ATVINNA** Launakönnun stéttarfélagsins VR fyrir árið 2016 sýnir að launamunur kynjanna helst óbreyttur á milli ára. Konur séu að jafnaði með 14,2 prósent lægri heildarlaun en karlar. Þá sé kynbundinn launamunur, launamunur sem ekki er hægt að skýra með öðrum þáttum en kynferði, tíu prósent samanborið við 9,9 prósent í könnun ársins í fyrra.

Þá mælist einnig munur á kynjunum hvað varðar hlunnindi á borð við líkamsræktarstyrki og símakostnað. Þannig fá 87 prósent karla slík hlunnindi samanborið við 74 prósent kvenna.

„Það eru vissulega vonbrigði að þrátt fyrir harða og áralanga baráttu félagsins fyrir jöfnum launum karla og kvenna skuli munurinn enn vera svona mikill,“ segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, í tilkynningu sem stéttarfélagið sendi frá sér í gær. **– þea**

**14,2%**

**Munur á heildarlaunum kvenna og karla á árinu 2016**

# Enn slegist um hillur




Aðra vikuna í röð myndaðist heillöng röð fyrir utan verslun Søstrene Grene í Kringlunni vegna nýrrar sendingar af vegghillum úr járni. Á fimmtudaginn í síðustu viku varð kappið svo mikið hjá sumum verslunargestum að lá við slagsmálum að sögn viðstaddra. Hjá Søstrene Grene fengust þær upplýsingar að raðir á borð við þessa séu nánast orðnar að venju þegar haustlína ársins er sett í sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kópavogsbær opnar bókhald

**KÓPAVOGUR** Bókhald Kópavogsbæjar verður opnað með aðgengilegri veflausn sem kynnt verður á fundi í bæjarstjórnarsal Kópavogs í dag. Kópavogsbær er fyrsti opinberi aðilinn á Íslandi sem opnar bókhald sitt með þessum hætti og verður hægt að skoða færslur ársins 2014, 2015 og fyrri hluta árs 2016.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs, og Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar, taka til máls og kynna bókhaldsvefinn. Áætluð fundarlengd er um 20 mínútur og verða léttar veitingar í boði. **– sg**



Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri

# Staða Sigmundar sterk fyrir kjördæmisþing

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er í góðri stöðu fyrir kjördæmisþingið í Mývatnssveit á morgun þrátt fyrir að þrír þingmenn sæki að honum. Stuðningur mikill í Þingeyjarsýslum og á Austurlandi.**

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, virðist standa vel að vígi fyrir tvöfalt kjördæmisþing flokksins sem haldið verður í Skjólbrekku í Mývatnssveit á morgun. Í samtölum við formenn félaganna vítt og breitt um kjördæmið kemur fram mikill stuðningur við formanninn.

Framsóknarmenn munu velja framboðslista sinn í kjördæminu á svokölluðu tvöföldu kjördæmisþingi en tvöfalt fleiri fulltrúar eiga seturétt á þinginu en venjulega. Um 370 flokksmenn, frá Fjallabyggð í vestri til Djúpavogs í austri, eiga seturétt á þinginu en líklegt er að á þriðja hundrað manns taki þátt.

Sigmundur er bjartsýnn á að ná að landa sigri á kjördæmisþinginu. „Ég er hæfilega bjartsýnn fyrir þinginu þó ég taki engu sem gefnu. Ég tel mig eiga stuðningsmenn víða í kjördæminu sem munu mæta á þingið,“ segir Sigmundur sem hefur ekki ákveðið hvað hann geri nái hann ekki oddvitasætinu. „Í ljósi bjartsýni á útkomuna hef ég ekki hugleitt hvað ég muni gera í þeirri stöðu.“

Svo virðist sem stuðningur við Sigmund Davíð sé mikill í Þingeyjarsýslum og á Austurlandi. Þorgrímur Sigmundsson, formaður félagsins á Húsavík, segir miklu máli skipta að Sigmundur sigri og haldi áfram formennsku í flokknum. „Ég vonast eftir því að hann fái gott umboð sem veganesti inn á flokksþingið. Maður sem hefur skilað svo gríðarlegum verkefnum í hús sem flestir töldu ómögulegt á skilið að halda áfram þessum góðu verkum,“ sagði Þorgrímur.

Um 110 flokksmenn úr Framsóknarfélaginu á Akureyri eiga seturétt á þinginu og vonast Óskar Ingi Sigurðsson, formaður félagsins, til að sem flestir mæti á flokksþingið. Félagið á Akureyri hefur verið höfuðvígi Höskuldar Þórhallssonar og skiptir miklu máli fyrir árangur hans að sem flestir úr Akureyrarfélaginu mæti til þings.

Einnig sækjast Líneik Anna Sævarsdóttir og Þórunn Egilsdóttir, sitjandi þingmenn flokksins, eftir því að fella formanninn úr stóli oddvita. Sigmundur Davíð segir það ekki vera merki um að þær vilji hann burt. „Það er oft þannig að þegar einstaklingar sækjast eftir sætum númer tvö og þrjú, þá vilja þeir sýna styrk og bjóða sig einnig fram í forystu,“ segir Sigmundur. **sveinn@frettabladid.is**



> Ég er hæfilega bjartsýnn fyrir þinginu þó ég taki engu sem gefnu. Ég tel mig eiga stuðningsmenn víða í kjördæminu sem munu mæta á þingið
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins

> Maður sem hefur skilað svo gríðarlegum verkefnum í hús sem flestir töldu ómögulegt á skilið að halda áfram
>
> Þorgrímur Sigmundsson, formaður Framsóknarfélagsins á Húsavík

### Vilja líka fyrsta sætið



**Höskuldur Þórhallsson** alþingismaður



**Þórunn Egilsdóttir** alþingismaður



**Líneik Anna Sævarsdóttir** alþingismaður

**370**

flokksmenn hafa rétt til setu á kjördæmisþingi. Kjördæmið nær frá Fjallabyggð í vestri til Djúpavogs í austri.


Hágæða útiljós frá Svíþjóð



Opið virka daga kl. 11-18
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
KONST SMIDE
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400


GAMMA
Fjármála-þjónusta og ráðgjöf hér heima og erlendis.
GAMMA Capital Management annast sjóða- og eignastýringu og veitir ráðgjöf til fyrirtækja, lífeyrissjóða og efnameiri einstaklinga. GAMMA vinnur náið með erlendum fjármálafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og opnaði nýlega skrifstofu með sjálfstætt starfsleyfi í London. Kynntu þér starfsemi okkar á gamma.is.
REYKJAVÍK
Garðastræti 37 | 101 Reykjavík | Iceland
(+354) 519 3300 | gamma@gamma.is | gamma.is
LONDON
25 Upper Brook Street | Mayfair | London | W1K 7QD
+44 (0) 207 429 2200 | gcm@gcm.co.uk | gcm.co.uk

# Ástæða til að skoða lóðrétt stjórnskipulag í heilbrigðiskerfinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Í skýrslu McKinsey & Company um Landspítalann sem kynnt var í síðustu viku er lagt til að stjórnvöld kanni fýsileika þess að koma upp svonefndu lóðréttu stjórnskipulagi í íslensku heilbrigðiskerfi. Um róttæka tillögu er að ræða, en hún felur í sér að Landspítalinn, heilsugæslan, öldrunarþjónustan og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni lúti einni sameiginlegri stjórn. Skýrsluhöfundar telja að sökum smæðar landsins ætti slík stjórnun að vera viðráðanleg og auðveld í innleiðingu og skapa ábata fyrir samfélagið.

Bæði Birgir Jakobsson landlæknir og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, telja fulla ástæðu til að kanna tillöguna vel, en þeir segjast almennt ánægðir með skýrsluna og tillögur hennar. Að sögn Birgis yrði meiriháttar breyting með lóðréttu stjórnskipulagi sem gæti tekið nokkur ár að framkvæma. Í slíku kerfi vinnur skipulagið út frá starfsemi en ekki stofnunum. „Það er ekki galið að kíkja á þennan möguleika þegar til lengri tíma er litið,“ segir Birgir.

Hann telur skýrsluhöfunda horfa til fyrirmynda í Svíþjóð í þessu sambandi. „Ef við lítum til dæmis á sum landsþing í Svíþjóð sem eru af sömu stærðargráðu hvað varðar fólksfjölda og Ísland þá hafa sum þeirra reynt þessa leið,“ segir Birgir og bendir á góða reynslu heilbrigðisyfirvalda í sænska landsþinginu Östergötland. „Þetta er það landsþing sem kemur hvað best út varðandi gæði og kostnað við heilbrigðisþjónustu.“

Páll segir að lóðrétt stjórnskipulag sé til þess fallið að efla samvinnu milli þjónustusviða í heilbrigðiskerfinu. „Allt það sem bætir samvinnu milli mismunandi þátta heilbrigðiskerfisins er til bóta. Í sumum heilbrigðisumdæmum á Íslandi má segja að sé verulega lóðrétt skipulag vegna þess að þar er á sömu hendi bæði heilsugæsla og sjúkrahús,“ segir Páll og nefnir skipulag Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem dæmi. „Við erum hins vegar lengra frá því að sjá þetta í skipulagi höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar er full ástæða til að skoða þetta þar líka,“ bætir hann við segir að nú sé boltinn hjá Landspítalanum, landlækni og heilbrigðisyfirvöldum að vinna tillögur skýrslunnar áfram. – hlh

> Ekki galið að kíkja á þennan möguleika þegar til lengri tíma er litið.
>
> Birgir Jakobsson landlæknir



> Allt það sem bætir samvinnu milli mismunandi þátta heilbrigðiskerfisins er til bóta.
>
> Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



## Heimsækja alla grunnskóla

**KJARAMÁL** Forystumenn Félags grunnskólakennara ætla að heimsækja alla grunnskóla á landinu næstu vikurnar og ræða við kennara þar um þá stöðu sem er upp komin. Eins og kunnugt er höfnuðu kennarar kjarasamningum í annað sinn, fyrr í mánuðinum. Ólafur Loftsson, formaður félagsins, segir að skólarnir séu á bilinu 160-170 talsins og því megi búast við því að verkefnið geti tekið nokkrar vikur.

„Við erum þegar búin að hitta sveitarfélögin og eigum fund með þeim í næstu viku,“ segir Ólafur. Undirbúningsvinnunni sé því fram haldið. „En við förum ekki í djúpar efnislegar viðræður fyrr en við erum búin að heyra í fólkinu okkar,“ segir Ólafur. - jhh

> Við förum ekki í djúpar efnislegar viðræður fyrr en við erum búin að heyra í fólkinu okkar.
>
> Ólafur Loftsson



## Flensan gerir vart við sig

**HEILSA** Búið er að greina tvö tilfelli af inflúensu A(H3) á einni deild Landspítala í Fossvogi. Fleiri sjúklingar og starfsfólk eru með flensueinkenni. Settur sóttvarnalæknir segir inflúensuna óvenju snemma á ferðinni, en það verði að koma í ljós hvernig framvindan verður. „Það er ekki búið að staðfesta að þetta sé búið að skjóta rótum í samfélaginu almennt,“ segir Guðrún Sigmundsdóttir, settur sóttvarnalæknir. Guðrún segir að bóluefni vegna inflúensunnar sé komið til landsins. Því verður byrjað að bólusetja fljótlega. – jhh

# Reykjavíkurborg í lóðadeilu við húseigendur í Álakvíslinni

**Eigendur í þremur af fjórum íbúðum í raðhúsalengju við Álakvísl kærðu veitingu Reykjavíkurborgar á leyfi til Orkuveitunnar vegna endurnýjunar á hitaveitustokki fram hjá húsinu. Leyfið var ekki ógilt af úrskurðarnefnd sem tók ekki afstöðu til deilu um lóðaryfirráð. Íbúar eru reiðir því þeir missa hluta af görðunum.**

**DÓMSMÁL** „Það var aldrei vandamál hjá okkur að þeir færu í gegn með lagnirnar en við erum ósátt við að fá ekki garðana okkar til baka,“ segir Ólöf Kristínardóttir í Álakvísl 49.

Orkuveitan er að endurnýja aðveituæðar að hitaveitugeymum í Öskjuhlíð og fékk í apríl á þessu ári framkvæmdaleyfi fyrir lögn á 890 metra kafla gegnum Ártúnsholtið og fyrir nýjum göngustíg sem verður 2,5 metrar á breidd og breiðari en gamli stígurinn. Hins vegar var fallið frá lagningu hjólastígs vegna harðra mótmæla íbúa. Flutningsæðarnar er sagðar sjá um 40 prósentum höfuðborgarsvæðisins fyrir heitu vatni.

Eigendur í þremur af fjórum íbúðum í raðhúsalengju við Álakvísl 45-51 kærðu framkvæmdaleyfið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í kærunni segir að þeir eigi í raun lóð allt að gamla hitaveitustokknum. Samkvæmt þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu frá 1988, sem ráðherraskipuð stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík hafi útbúið og framkvæmdastjóri undirritað, fylgi íbúðum þeirra „einkaafnotaréttur á lóðarspildu fjögurra metra breiðri, eða að stíg, jafn langri íbúðinni“.

Þrátt fyrir það voru íbúarnir skikkaðir til að fjarlægja grindverk og annað sem þeir höfðu komið fyrir út fyrir þau lóðamörk sem Reykjavíkurborg telur vera þau réttu. Borgin segir að samkvæmt lóðarleigusamningi frá 1982 séu engar heimildir fyrir eigendur húsanna til að hafa einkaafnotarétt á lóðarspildunni að stígnum.



Nýju lagnirnar eru engin smásmíði enda anna þær 40 prósentum af heitavatnsþörf höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Væn sneið er horfin af görðum íbúanna í göngustígnum við Álakvísl 45-51. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> Ekki sé nóg með að fólk missi hluta af görðum sínum heldur megi búast við aukinni umferð um stækkaðan göngustíg.
>
> Ólöf Kristínardóttir í Álakvísl 49

> Lögnin er á 890 metra kafla gegnum Ártúnsholtið og sögð sjá um 40% höfuðborgarsvæðisins fyrir heitu vatni.

„Sú eignaskiptayfirlýsing sem kærendur byggi á sé hvorki í samræmi við lóðarleigusamning né mæliblað,“ segir um rök borgarinnar í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar. Borgin sé ekki aðili að yfirlýsingunni „og hafi þessi yfirtaka lóðareiganda yfir borgarlandi enga þýðingu“.

Úrskurðarnefndin hafnaði kröfu íbúanna um að ógilda framkvæmdaleyfið en tók ekki afstöðu til lóðadeilunnar.

Ólöf Kristínardóttir segir hins vegar að fyrir liggi niðurstaða í sambærilegu máli frá 2003 vegna annarar raðhúsalengju við hitaveitustokkinn í Álakvísl sem íbúarnir hafi unnið. Vísast endi nýja málið fyrir dómstólum.

„Það eru allir reiðir hérna í hverfinu yfir þessu,“ segir Ólöf. Ekki sé nóg með að fólk missi hluta af görðum sínum heldur megi búast við aukinni umferð um stækkaðan göngustíg.

„Þeir samþykktu að draga til baka að hafa þetta sem hjólastíg og að þetta verði bara göngustígur en ég veit ekki um neinn göngustíg í höfuðborginni sem má ekki hjóla á. Þetta fer í gegn um leiksvæði fyrir börnin. Menn setja ekki hjólastíg inn á miðjan leikvöll þar sem eru pínulítil börn.“ gar@frettabladid.is


18 СЕНТЯБРЯ 2016 ГОДА – ВЫБОРЫ ДЕПУТАТОВ ГОСУДАРСТВЕННОЙ ДУМЫ ФЕДЕРАЛЬНОГО СОБРАНИЯ РОССИЙСКОЙ ФЕДЕРАЦИИ СЕДЬМОГО СОЗЫВА

Все граждане России старше 18 лет, как временно, так и постоянно находящиеся в Исландии, приглашаются принять участие в голосовании.

Голосование состоится 18 сентября 2016 г. с 08:00 до 20:00 по местному времени на избирательном участке № 8113 в помещении Консульского отдела Посольства России в Исландии по адресу: Рейкьявик, ул. Тунгата, д. 24 (телефон 561-08-51, факс 561-08-53, электронная почта russcons@internet.is).

Для участия в голосовании необходимо иметь при себе действующий документ, удостоверяющий личность гражданина России за её пределами.


# Saksóknari fellir niður HIV-málið

**DÓMSMÁL** Héraðssaksóknari hefur fellt niður mál nígerísks hælisleitanda sem grunaður var um að hafa smitað konur hér á landi vísvitandi af HIV-veirunni.

Málið þótti ekki líklegt til sakfellis en ekki var hægt að sanna að maðurinn hefði vitað að hann væri smitaður af HIV-veirunni. Þetta staðfestir Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, saksóknari hjá embætti héraðssaksóknara.

Staðfest er að tvær konur hafi greinst með HIV eftir samneyti við manninn og á annan tug kvenna hafi farið í greiningu vegna málsins.

Maðurinn var handtekinn í júlí í fyrra og í kjölfarið úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Þegar það rann út var maðurinn úrskurðaður í farbann í nokkrar vikur.

Rannsókn lögreglu tók marga mánuði. Upphaflega var unnið að því í samstarfi við sóttvarnalækni að komast að því hverja maðurinn hefði haft samneyti við og hvort þeir væru smitaðir. Þá sneri rannsókn lögreglu að því að upplýsa hvort maðurinn hefði vitað að hann væri smitaður af veirunni og þannig vísvitandi smitað aðra.

Maðurinn hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu og kveðst ekki hafa vitað að hann væri með HIV. – ngy



Staðfest er að maðurinn hafi smitað tvær konur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Sveinbjörg stendur á milli stanganna hjá FC Crazy

**SAMFÉLAG** Á morgun mun fótboltaliðið FC Sækó etja kappi við lið borgarstjórnar, sem hefur fengið nafnið FC Crazy. FC Sækó er skipað notendum og starfsmönnum geð- og velferðarkerfisins og er um að ræða fjáröflunarleik þar sem liðið safnar fyrir utanlandsferð.

Bergþór Grétar Böðvarsson, þjálfari Sækó-liða, segir sigurinn þegar vera í höfn. „Við semjum reglurnar, það er bara svoleiðis. Það lið sem skorar fleiri mörk vinnur þannig ekki endilega leikinn,“ segir hann og treystir á að Gummi Ben, sem lýsir leiknum, líti sömu augum á málið.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarsviðs, munu verða í broddi fylkingar Crazy-liðsins. „Ég er ofsalega léleg í fótbolta,“ segir Ilmur en hún veit ekki enn hvaða stöðu hún mun spila. Fleiri borgarfulltrúar og starfsmenn sviðsins verða í liðinu. „Sveinbjörg verður til dæmis í marki og Sóley verður í klappliðinu. Hún treystir sér ekki í boltann. Annars er Stefán Eiríksson liðstjórinn,“ segir

> Þetta verður bara gaman.
>
> Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi



Ilmur en hann er sviðsstjóri velferðarsviðs. Stefán vill aftur á móti lítið gefa upp þegar hann er spurður um leynivopnið. „Ilmur er minn Figo. Leynivopnið er algjört leyni en gæti verið frá Vestmannaeyjum,“ segir hann dularfullur á svip.

Sveinbjörg Birna er til í slaginn enda vanur markmaður úr handboltanum. „Svo er ég reglulega í marki fyrir son minn í fimmta flokki. Þetta verður bara gaman,“ segir hún.

Leikurinn verður á gervigrasinu í Laugardalnum klukkan ellefu á morgun. Allir eru velkomnir, tekið er á móti frjálsum framlögum og hægt verður að kaupa sig inn í fótboltaliðin. **– ebg**


## Rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.

Rakaþolplast 0,2 mm
Stærð 4x25metrar= 100m²
kr. 11.990




ALFA rakavanarvörur

Tjöru þéttiefni

Bostik Folien rakavarnarlím 315g
kr. 1.195

Bostik/Heydi K11 þéttimúr kr. 4.290

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



## Styrkir til atvinnuleikhópa
Umsóknarfrestur til 30. september

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2017. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða starfssamninga til tveggja ára.

**Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 þann 30. september 2016.**
**Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.**
Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa getur einnig gilt sem umsókn til Listamannalauna ef umsækjandi merkir við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 skilar Leiklistarráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár til stuðnings atvinnuleikhópum.

**Nánari upplýsingar:**
atvinnuleikhopar@rannis.is, www.rannis.is
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Tengiliður: Ragnhildur Zoëga,
sími: 515 5838.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


## Á sirkusæfingu



Lee Nelson, einnig þekktur sem trúðurinn Wally, æfir atriði sitt á æfingu Sirkuss Íslands í Ármannsheimilinu í Laugardalnum í Reykjavík. Þessar vikurnar fer fram vetrarnámskeið Sirkuss Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja koma í veg fyrir massatúrisma

**FERÐAÞJÓNUSTA** Snæfellsbær vinnur nú með með þær hugmyndir að takmarka aðgengi að náttúruperlum í sveitarfélaginu til að tryggja vernd þeirra og koma í veg fyrir of mikinn ágang ferðamanna. Hugmyndirnar eru liður í vinnu sveitarfélagsins að nýju aðalskipulagi sem á að taka gildi vorið 2017.

Straumur ferðamanna út á Snæfellsnes hefur aukist verulega á síðustu fimm árum og býst Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, við að þeir verði 500 þúsund í ár.

„Við viljum helst geta tekið á móti sem flestum, en þá verðum við að gera það með skipulagi. Með því teljum við okkur ekki vera að gera annað en að passa náttúruna fyrst og fremst og einnig að passa að þeir sem koma til okkar fái ánægjulega upplifun á svæðinu. Það skiptir mestu máli,“ segir Kristinn sem segir að heimamenn vilji forðast örtröð á ferðamannastöðum sem sumir hafa uppnefnt „massatúrisma“.

Kristinn segir að ýmsar hugmyndir hafi komið fram til að ná þessum markmiðum. Hann nefnir sem dæmi mögulegt bann á stórar rútur á sumum stöðum, setja stærðar-



Ferðamenn virða fyrir sér Lóndranga frá Svalþúfu í Snæfellsjökulsþjóðgarði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

takmarkanir á þær og einnig hvort rafmagnsbílar skuli nýttir til að flytja fólk að náttúruperlu frá bílastæðum. Hann leggur áherslu á að Snæfellsbær vilji áfram vera í góðu samstarfi við ferðaþjónustuaðila. „Við viljum þó gera þetta á okkar forsendum, það er aðalatriðið,“ segir Kristinn og bendir á að þessi áhersla sé í samræmi við Earth Check umhverfisvottunina sem Snæfellsnes hlaut árið 2008.

„Í okkar huga skiptir miklu máli að dreifa ferðamönnum þannig að það séu ekki að koma 500 þúsund manns á einn stað. Við viljum heldur koma því þannig fyrir að fólk sé að koma líka á aðra staði hjá okkur,“ segir Kristinn

„Við ætlum að gera hlutina eins og við teljum best fyrir náttúruna, samfélagið og Ísland í heild sinni.“
**hlh@frettabladid.is**




## Avensis Touring Sports og Avensis Sedan

með stórglæsilegum sumarauka í takmarkaðan tíma.

Nú í haust fylgja spennandi aukahlutapakkar með Avensis Touring Sports og Avensis Sedan hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Avensis skortir ekkert í tækni eða fáguðu útliti og nú er rétti tíminn til að eignast þennan bíl með stórglæsilegum sumarauka í kaupbæti.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Adobe Creative Cloud
- Svo miklu meira!
Adobe námstefna, Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 16. og laugardaginn 17. september
Nánari upplýsingar um dagskrá og skráning er á heimasíðu okkar:
www.hugbunadarsetrid.is og á www.midi.is
HUGBÚNAÐAR SETRIÐ
Adobe

LISTAMANNALAUN
• The Artists' Salaries •

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2017 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september, kl. 17:00.**

- launasjóður hönnuða
- launasjóður myndlistarmanna
- launasjóður rithöfunda
- launasjóður sviðslistafólks
- launasjóður tónlistarflytjenda
- launasjóður tónskálda

**Umsóknir skiptast í eftirfarandi flokka:**
- Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð
- Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð
- Starfslaun fyrir sviðslistahópa – athugið að sú breyting hefur verið gerð að sviðslistahópa-umsókn er felld inn í atvinnuleikhópa-umsókn.

Umsókn um starfslaun, lög og reglugerðir eru á vefslóðinni www.listamannalaun.is. Nota þarf íslykil / rafræn skilríki við umsóknina.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu vegna fyrri starfslauna hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

**Breytingar frá síðustu úthlutun**
- Ekki er tekið við umsóknum um ferðastyrki
- Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum í gegnum umsóknarkerfið. Ekki er hægt að skila gögnum á skrifstofu Rannís

**Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is**

**Stjórn listamannalauna, ágúst 2016**

rannís
www.rannis.is

## Viðbótarfé borgarinnar til leik- og grunnskóla

**NÚ Í ÁR**

**678 MILLJÓNIR**
ÞAR AF
**248 milljónir** í sérkennslu
**273 milljónir** í afleysingakennara
**157 milljónir** í skólaakstur fyrir fatlaða nemendur

**25 MILLJÓNIR**
í eflingu faglegs starfs og undirbúnings í leikskólum.
**Einnig á næsta ári.**

**60 MILLJÓNIR**
í eflingu faglegrar stjórnunar í grunnskólum.
**Einnig á næsta ári.**

**156 MILLJÓNIR**
Í framlög vegna fæðiskaupa
357 **milljónir** á næsta ári.

**SAMTALS**

**919 MILLJÓNIR**

**Á hvert leikskólabarn er 1.200** króna hækkun fyrir námsgögn. Tilfærsla á fjármunum innan sviðsins.

**ÁRIÐ 2017**

**425 MILLJÓNIR**
Inntaka 18 mánaða barna
Börn fædd í mars og apríl 2015 geti byrjað á leikskóla frá og með áramótum.
Háð rými og stöðu starfsmannamála á hverjum leikskóla
**Átak um nýliðun leikskólastarfsfólks**

**3,3 MILLJARÐAR**
Kjarasamningsbundnar launahækkanir 2015-2017

**7 MILLJÓNIR**
í námsgögn á leikskólum

**» Leik- og grunnskólar þurfa ekki að mæta halla vegna ársins 2015 eins og gerð var krafa um.**

**FORELDRAR BORGA**

**516 MILLJÓNIR Á ÁRI**

**Fæðisgjald hækkar um 2.000 krónur á mánuði vegna hráefniskaupa skólanna. Hækkun um 100 krónur á dag.**

**Miðað er við 21,67 daga í mánuði og 20.000 grunn- og leikskólanemendur.**

# Borgin boðar hundraða milljóna viðsnúning

**919 milljónir verða settar í leik- og grunnskóla borgarinnar nú í haust til að efla starfið. Borgin hafði boðað 670 milljóna króna niðurskurð. Foreldrar þurfa að borga 2.000 krónum meira á mánuði í fæðisgjald. Viðbótarsvigrúm myndaðist.**

**SKÓLAMÁL** Í gær samþykkti borgarráð aðgerðaáætlun í leik- og grunnskólum. Framlög hækka um 919 milljónir á þessu ári. Á næsta ári munu framlög vegna átján mánaða barna í leikskóla hækka um 425 milljónir auk framlaga vegna launahækkana.

Mikill þrýstingur hefur verið á borgaryfirvöld vegna niðurskurðar sem boðaður var á skóla- og frístundasviði auk þess sem skólarnir áttu að taka með sér halla ársins 2015 yfir á nýtt ár. Síðustu vikur hafa leikskólastjórar og foreldrar látið vita af óánægju sinni með þeim árangri að aðgerðirnar voru endurskoðaðar og í raun snúið við.

„Við erum að vinna upp hagræðinguna og gott betur með þessum aðgerðum,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs. „Framlög til leikskóla nema nú um fjórfalt hærri upphæð en hagræðingin sem þeir þurftu að bera á árinu og grunnskólar fá í sinn hlut rúmlega þrefalt hærri fjárhæð en hagræðingarkrafan hljóðaði upp á.“

Skúli segir viðbótar svigrúm hafa myndast þar sem hagræðing síðustu ár hafi gengið vel og ekki síður af því að tekjur borgarsjóðs hafi aukist.

Leikskólagjöld munu ekki hækka en fæðisgjald í leik- og grunnskólum hækkar um hundrað krónur á dag fyrir hvert barn, um 2.000 krónur á mánuði. Þannig fær hvert skólabarn fjórðungi hærri upphæð í hráefni á degi hverjum. **erlabjorg@frettabladid.is**

# Segir leikskólastörf ekki henta öllum

**MENNTAMÁL** „Það er ekki þannig að það sé hægt að troða hverjum sem er inn í leikskóla og við eigum að gera kröfur til þeirra sem vinna á leikskóla varðandi menntun og reynslu og slíkt,“ segir Bergsteinn Þór Jónsson, aðstoðarleikskólastjóri á leikskólanum Bakkakoti, um hugmynd sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri reifaði á Facebook-síðu sinni í gær.

Dagur vísar þar í skrif Helga Péturssonar sem segir að ef ekki væri fyrir fáránleg ákvæði um skerðingu eftirlauna vegna atvinnutekna væri hægt að sækja „hundruð – jafnvel þúsundir hámenntaðra og reynslumikilla starfsmanna í hóp 67 ára og eldra fólks til starfa á leikskólum, frístundaheimilum, grunnskólum, í byggingariðnaði, ferðaþjónustu o.s.frv.“ Dagur spyr hvort skrif Helga séu ekki til umhugsunar fyrir þing- og þjóð.

„Það getur vel verið að það sé til mikið af hæfu fólki sem er 67 ára og eldri sem myndi nýtast að einhverju leyti,“ segir Bergsteinn. Á hinn bóginn séu störfin oft þess eðlis að þau geti reynt á líkamann. „Þú þarft að bogra og beygja þig yfir þau,“ segir Bergsteinn. „Það getur vel verið að það sé fullt af hæfu fólki þarna. En ég vil gera kröfur til þessa fólks. Það er mín sýn.“
**– jhh**







VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is





Gunnar Bragi Sveinsson trúir því að fylgi Framsóknarflokksins taki kipp upp á við fyrir kosningar þegar málefni flokksins verða lögð á borðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hefði þurft að undirbúa búvörusamninga betur

**Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir Sigmund Davíð Gunnlaugsson rétta manninn til að leiða Framsóknarflokkinn áfram inn í kosningar og vera forsætisráðherraefni flokksins. Hann segir Framsóknarflokkinn standa vörð um hag neytenda og bænda með stuðningi við landbúnaðinn.**

Mér fannst svolítið erfitt að koma inn í þetta þegar það er búið að gera samninginn. Það eru hlutir sem ég hefði viljað leggja meiri eða annars konar áherslu á. Ég held til dæmis að það hefði þurft að vera meira samráð við stéttirnar af hálfu ríkisins. Hlusta aðeins meira," segir Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um búvörusamninga. Breytingar á búvörulögum, sem eru forsenda búvörusamninga, voru samþykktar af nítján þingmönnum stjórnarflokkanna á Alþingi á þriðjudag. Samningarnir eru umdeildir og þeir hafa vakið hörð viðbrögð allt frá því að þeir voru lagðir fram. Gunnar Bragi varð landbúnaðarráðherra tíu dögum eftir að bændur samþykktu samningana.

„Það hefði þurft að fara í meiri rannsóknir og útreikninga. Gera rannsóknir á áhrifum hans eftir því hvort sviðsmyndin verði svona eða svona. Ég sakna þess svolítið að það hafi ekki verið gert. Ég er ekki endilega að segja að það hefði skilað annars konar samningi en það hefði að minnsta kosti undirbyggt miklu betur umræðuna sem átti eftir að koma. Ég held það hefði mátt fara öðruvísi í þetta frá upphafi."

**Stendur með samningnum**

Samningarnir fela í sér um fjórtán milljarða króna útgjöld á ári næstu tíu árin. Það er að meðaltali 700 milljóna króna hækkun frá núgildandi samningi. Þeir hafa verið gagnrýndir fyrir þennan mikla kostnað en einnig fyrir að gera ráð fyrir háum tollum á innfluttar landbúnaðarafurðir.

„Það eru einhverjar þúsundir sem starfa í landbúnaði í dag. Aukinn innflutningur myndi fækka þeim störfum. Staðreyndin er sú að það er verið að niðurgreiða þessa vöru til neytenda líka. Ef við förum að flytja inn matvöru í stórum stíl, hvað gerist þá í sveitum landsins? Er það allt í lagi að byggð leggist af á stórum svæðum af því að þar er ekki hægt að reka landbúnað? Bændur eru að framleiða gæðavöru fyrir íslenska neytendur. Það má velta fyrir sér hvort íslenskir neytendur séu ekki bara tilbúnir að borga meira fyrir þessa frábæru vöru sem er að koma frá bændunum."

*En er Framsóknarflokkurinn ekki bara of tengdur bændaforystunni til að geta staðið með neytendum?*

„Það er ekkert nýtt að Framsókn sé tengd bændum eða standi vörð um hag bænda. Við viljum meina að þetta fari saman. Með sterkum landbúnaði er í raun verið að gæta hagsmuna neytenda um leið. Það er verið að bjóða góða og heilnæma vöru sem er fátítt að menn noti lyf í og svo framvegis. Hver er hagur neytenda ef landbúnaður leggst af eða fer á fá stór bú? Er það þannig að menn vilji bara flytja inn erlendar afurðir? Þá þurfum við að eiga meiri gjaldeyri til að kaupa vörur til landsins. Verslun ræður þá meira framboði til neytenda og ræður verðinu algjörlega.

Ég ætla að leyfa mér að vera hreinskilinn. Mér verður hálf óglatt þegar ég heyri talsmenn verslunarinnar tala fyrir hönd neytenda. Þar er enginn að hugsa um neitt nema eigin hag og að hámarka gróðann."

**MS fær ekki að knésetja Örnu**

Mjólkursamsalan (MS) var á dögunum sektuð fyrir brot á samkeppnislögum fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Framkvæmdastjóri Örnu, sem framleiðir laktósafríar mjólkurvörur sem náð hafa vinsældum, sérstaklega í kjölfar samkeppnislagabrots MS, sagði í viðtali við Fréttablaðið að MS gæti drepið rekstur þeirra á nokkrum vikum. „Með því að vera með laktósafríar mjólkurvörur þá ertu með ákveðna sérstöðu sem þú getur byggt á. Þeir reyndar komu með sína léttmjólk um leið og þeir fréttu að við værum að fara af stað," sagði Hálfdán Óskarsson um viðskiptahætti MS.

Gunnar Bragi segir vissar undanþágur MS frá samkeppnislögum nauðsynlegar. „Ef MS færi í slíkan leiðangur þá hugsa ég að meira að segja Framsóknarmenn væru til í að breyta lögum til að koma í veg fyrir slíkt. Því yrði aldrei leyft að gerast. Arna í Bolungarvík er frábært fyrirtæki sem kemur inn á markaðinn þar sem er autt rúm. Við þurfum að passa að fyrirtækið hafi svigrúm. En það verður líka að taka tillit til þess að MS hefur meiri ábyrgð og hlutverk en aðrir."

**Gefa mönnum séns**

Á dögunum felldu stjórnarflokkarnir á þingi breytingartillögu stjórnarandstöðunnar um að ef bóndi gerist sekur um dýraníð þá falli styrkveitingar til hans frá ríkinu niður. Síðar var sett inn ákvæði sem gengur skemur en miðar við að hægt sé að fella út styrkgreiðslur fyrir það tiltekna dýr sem sætir illri meðferð. „Tillagan sem var felld í þinginu hefði þurft að vera betur unnin til þess að það væri hægt að samþykkja hana. Það er í gangi ákveðið regluverk sem gerir ráð fyrir að það sé tekið á einstaklingum sem fara svona með dýr, þeir fá áminningu og séns til að laga. En greiðslurnar eru meðal annars til að búa vel að dýrum. Ef maður er með jarðræktarstyrki og styrki til kúabúskapar, er þá rétt að taka þá af ef hann fer illa með sauðféð sitt? Mín skoðun er nei, en við skulum taka af manninum sauðféð þar til hann er búinn að laga það.

> **Ég veit ekki hvort ég á að segja nokkur orð um Höskuld Þórhallsson sem alltaf hefur tapað fyrir Sigmundi og mun gera það áfram.**

Við megum ekki gleyma því að það eru margir þættir sem geta orsakað að farið sé illa með skepnur. Það geta verið andleg eða líkamleg veikindi sem koma skyndilega upp. Þá þurfum við að hafa svigrúm til að gefa fólki séns til að rétta úr kútnum."

**Sigmundur áfram formaður**

Gunnar Bragi er líka þeirrar skoðunar að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, eigi skilið annan séns. Hann hætti eftirminnilega sem forsætisráðherra þegar upp komst um eign eiginkonu hans á aflandsfélaginu Wintris. „Sigmundur hefur gert mjög vel grein fyrir þessum fjármálum. Hefði hann getað haldið öðruvísi á málum í eftirleiknum af þessu? Alveg örugglega. En menn verða líka að horfa á raunveruleikann og hann er sá að Sigmundi hefur verið betur treyst en nokkrum öðrum fram að þessu til að leiða flokkinn og ríkisstjórn og þar með þjóðina í gegnum þessar hremmingar sem hafa dunið á okkur undanfarin ár."

Gunnar hefur ekki áhyggjur af því að fylgið nái sér ekki á meðan Sigmundur er í forsvari fyrir flokkinn. „Í dag er Framsóknarflokkurinn búinn að vera meira og minna í kringum tíu prósentin. Munum það að þegar Sigmundur vék frá og fór í sitt leyfi datt það niður í sex eða sjö prósent en er komið aftur upp."

*Er það þá ekki Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra sem hefur byggt það upp aftur?*

„Eða að Sigmundur er kominn aftur."

Sigurður Ingi hefur gefið það út að hann hyggist ekki bjóða sig fram sem varaformann Framsóknar ef ekki verður gerð breyting á forystu flokksins. Þar með hefur hann stillt upp valkosti á milli sín og Sigmundar Davíðs. Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag styður Gunnar Bragi Sigmund sem formann flokksins. Það myndi þýða að Sigmundur væri forsætisráðherraefni Framsóknar í komandi kosningum.

*Finnst þér eðlilegt og viltu gjarnan að hann verði aftur forsætisráðherra?*

„Að sjálfsögðu. Undir stjórn Framsóknarflokksins hefur náðst þvílíkur árangur á þessu kjörtímabili. Auðvitað er það ekki bara honum að þakka en þú þarft sterkan leiðtoga sem getur sett málin á dagskrá. Öll þessi mál [andstaða við Icesave, leiðréttingin og barátta við kröfuhafa bankanna] hefur hann sett á dagskrá og enginn annar."

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagðist í júní aldrei hafa orðið vitni að viðlíka foringjadýrkun og viðgengist hjá fámennum hópi í Framsóknarflokknum og átti þá við gagnvart Sigmundi Davíð.

Gunnar Bragi gefur ekki mikið fyrir þessi ummæli Höskuldar. „Ég veit ekki hvort ég á að segja nokkur orð um Höskuld Þórhallsson sem alltaf hefur tapað fyrir Sigmundi og mun gera það áfram. Það er engin persónudýrkun í Framsóknarflokknum. Við höfum hins vegar verið svo heppin í gegnum tíðina að vera yfirleitt með trausta leiðtoga. Það var engin persónudýrkun þegar Framsóknarmenn stóðu trekk í trekk upp og klöppuðu fyrir Steingrími Hermannssyni. Það sama má segja um Halldór Ásgrímsson heitinn. Báðir voru mjög flottir leiðtogar. Þetta er alveg eins í dag. Sigmundur er traustur leiðtogi en umdeildur. Það er ekki vinsælt að taka dæmi hér en var Davíð Oddsson einhvern tíma óumdeildur? Enginn annar hefur setið jafn lengi í stóli. Björt framtíð ákvað að vera óumdeildur flokkur og hvert er sá ágæti flokkur að fara? Þú þarft að þora að segja hlutina. Þarft að vera fylginn þér. Þú þarft ekki endilega að vera allra en þú þarft að trúa á þetta verkefni."

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

# TIVOLI

Fimm ára ábyrgð




*Verð aðeins*
## *4.090.000 kr.*

Tivoli DLX | Fjórhjóladrif
Dísel | Sjálfskiptur

Fimm ára ábyrgð



# korando

*Verð aðeins*
## *4.790.000 kr.*

Korando DLX | Fjórhjóladrif
Dísel | Sjálfskiptur

# REXTON




*Verð aðeins*
## *5.690.000 kr.*

Rexton DLX | Fjórhjóladrif
Dísel | Sjálfskiptur | 7 manna

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
461 3636

**Verið velkomin í reynsluakstur | Skoðaðu úrvalið á benni.is**

SSANGYONG

# Glatað tækifæri



Hafliði Helgason
hafl idi@frettabladid.is

Búvörusamningar sem binda skattborgara þessa lands til 140 milljarða greiðslna til næstu tíu ára voru samþykktir með atkvæðum nítján þingmanna.

Endurskoðunarákvæði eru í samningunum, en þau eru háð samningsvilja gagnaðilans sem eru bændur. Eins og svo oft áður í mótun stefnu í kringum landbúnað á Íslandi er viðhorfið að endanlegum greiðendum samningsins, neytendum og skattborgurum, kemur málið ekki við.

Einhverjir hafa bent á endurskoðun eftir þrjú ár, en jafnvel þótt bændur séu ósáttir við samninginn munu þeir ekki breyta honum nema að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Alþingi er því búið að festa lágmarksfjárhæð til skattborgara til tíu ára með fulltingi þriðjungs þingmanna.

Samstaða stjórnarandstöðu í ljósi þess að ekki var full sátt um samninginn meðal stjórnarþingmanna hefði getað komið í veg fyrir samninginn eða í það minnsta knúið fram verulegar breytingar. Afsakanir stjórnarandstæðinga fyrir hjásetu eru mismunandi. Sumir vísa til hefðar og að um búvörusamning gildi líkt og fjárlög, að hann verði að vera fyrir hendi.

Sérkennilegasta afsökun fyrir hjásetunni kom þó frá Pírötum. Birgitta Jónsdóttir sagði berum orðum að hún hefði setið hjá þar sem hún hefði ekki kynnt sér málið nógu vel. Það verður að teljast með miklum ólíkindum að stjórnmálaafl sem mælist með um fjórðungs fylgi í könnunum stundi þau vinnusvik að kynna sér ekki mál sem varðar skuldbindingu skattborgara upp á 140 milljarða næsta áratuginn.

Sjónarmið neytenda og bænda þurfa ekki að vera ósamrýmanleg og fráleitt að neytendasjónarmið nái ekki meira máli. Íslenskur landbúnaður hefur gert margt vel, en fullvíst má telja að með minni miðstýringu og yfirbyggingu í kerfinu hefði mátt ná fram meiri sérhæfingu og verðmætum.

Stigin hafa verið skref í þá átt með framleiðslu beint frá býli og þróun í ferðaþjónustu ætti að geta opnað ný tækifæri í landbúnaði. Smærri framleiðendur ættu að geta þróað vöru sína fyrir kröfuharðan markað sem valkost á móti hagræðingu hjá stærri framleiðendum.

**Það verður að teljast með miklum ólíkindum að stjórnmálaafl sem mælist með um fjórðungs fylgi í könnunum stundi þau vinnusvik að kynna sér ekki mál sem varðar skuldbindingu skattborgara upp á 140 milljarða næsta áratuginn.**

Leiðin til að verja smábýlið þarf ekki endilega að liggja í því að hindra hagræðingu með stórbýlum t.d. í mjólkuriðnaði. Miðstýrt styrkjakerfi er ekki til þess fallið að virkja sköpunarmátt greinarinnar. Stórir milliliðir sem undanþegnir eru samkeppnislögum eru heldur ekki leið til þess að auka verðmætasköpun í landbúnaði.

Úr því að ekki tókst að vinna nauðsynlega vinnu með sjónarmið bænda, neytenda og stjórnvalda við borðið hefði samhent stjórnarandstaða átt að knýja fram stuttan samning og krefjast þess að hafin væri vinna við langtímastefnumótun í greininni.

Í stað þess þótti mönnum réttara að senda reikninginn á skattborgara og festa úrelt kerfi í sessi til næsta áratugar.



Aðalfundur AFS á Íslandi verður haldinn kl. 14.00, laugardaginn 1. október í nýju húsnæði samtakanna í Skipholti 50c.

Fundarefni
- Skýrsla stjórnar
- Endurskoðaðir reikningar félagsins
- Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
- Atkvæði um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga
- Breytingar á samþykktum félagsins
- Kjör formanns til eins árs
- Stjórnarkjör
- Kjör löggilts endurskoðanda og eins skoðunarmanns
- Ákvörðun um félagsgjald
- Önnur mál

AFS á Íslandi

## Halldór




## Frá degi til dags

**Fáheyrð hreinskilni**

**Svanur Kristjánsson, fyrrverandi kosningastjóri Pírata, segir að það hefði gert út af við fylgi Pírata í öllum landsbyggðarkjördæmunum ef Píratar hefðu hafnað búvörusamningum á þingi. Þingmenn Pírata hafa þurft að þola mikla gagnrýni á samfélagsmiðlum vegna hjásetu sinnar. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa gefið ýmsar ástæður fyrir hjásetunni síðustu daga og meðal annars borið fyrir sig hefðarreglur og heiðursmannasamkomulag í þingsal. Tilsvar Svans er hins vegar hressilega hreinskilið. Skömmu fyrir kosningar borgar sig ekki að fara í mykjuslag við bændur.**

**Þjóðfylkingin upp**

**Samkvæmt nýrri könnun Gallup mælist íslenska þjóðfylkingin með tvö prósent fylgi. Fyrr í mánuðinum mældist flokkurinn með 0,6 prósenta fylgi. Fylgið er vissulega agnarsmátt en þessi snarpa hækkun gefur tilefni til að fylgjast betur með flokknum. Á meðan samskiptavandi Pírata og Samfylkingar, forystuvandi Framsóknarflokksins og krísa Sjálfstæðisflokksins í baráttunni við Viðreisn stendur sem hæst gæti farið svo að Þjóðfylkingin rynni rólega upp kantinn og inn í teig á næstu sex vikum sem eru fram að kosningum. Þá er spurning hverjir eru í stakk búnir til að standa í markinu og verjast.** snaeros@frettabladid.is

# Þögn er afstaða



Finnur Árnason
forstjóri Haga

Búvörulögin svokölluðu voru samþykkt á Alþingi í vikunni. Aðeins 19 þingmenn samþykktu lögin, eða um 30 prósent þingmanna. Aðrir voru fjarverandi eða sátu hjá. Ég hef áður haldið því fram að umfjöllun og meðferð málsins sé eitt stærsta hagsmunamál íslenskra heimila. Það landbúnaðarkerfi sem við búum við kostar skattgreiðendur og neytendur mikið, en bændur bera lítið úr býtum. Fram hefur komið að einungis tvær af hverjum þremur krónum skila sér til bænda.

Fulltrúar okkar á þingi höfðu einstakt tækifæri til þess að gera kerfisbreytingu bændum og neytendum til heilla. Ég tel áherslur samningsins hvorki hvetja til framsækni né bæta hag bænda og neytenda til framtíðar. Alþingi nýtti ekki tækifærið heldur kaus að festa bændur í úreltu landbúnaðarkerfi.

Björt framtíð kom fram með breytingartillögu við lögin um að styrkir féllu niður til þeirra sem stunduðu dýraníð. Tillagan var felld í þinginu. Ég held að flestir bændur og almenningur séu mér sammála um að þessa breytingartillögu átti ekki að fella í þinginu.

Formaður bændasamtakanna sendi út fréttatilkynningu og taldi skoðun mína bera vott um fjandsamlega afstöðu til bænda. Hann hefur reyndar ítrekað drepið málefnalegri umræðu á dreif með slíkum aðferðum. Gagnrýni mín snýr að stjórnsýslu, vinnubrögðum ráðherra og þinglegri meðferð málsins. Það var ekki ætlun mín að veitast að bændum. Mér þykir hins vegar breytingartillaga Bjartrar framtíðar skynsamleg. Ég veit að bændur eru sjálfir hlynntir aukinni vernd og velferð dýra. Hag bænda sjálfra verður betur borgið með löngu tímabærum umbótum á landbúnaðarkerfinu. Mér þykir leitt ef orð mín gáfu til kynna fjandskap út í bændur. Þvert á móti vil ég veg þeirra sem mestan. Öflug íslensk framleiðsla í heilbrigðri samkeppni mun ávallt njóta sérstöðu. Íslenskur landbúnaður á skilið að blómstra og að losna undan álögum stjórnmálamanna.

**Gagnrýni mín snýr að stjórnsýslu, vinnubrögðum ráðherra og þinglegri meðferð málsins. Það var ekki ætlun mín að veitast að bændum.**

Atkvæðagreiðslan í þinginu var einstök. Flótti þingmanna frá því að taka afstöðu sýnir svart á hvítu hver afstaða þeirra er til málsins. Aðeins 19 þingmenn þurfti til þess að samþykkja milljarða skattlagningu á neytendur. Þeir sem ekki greiddu atkvæði vita að þeir eru kjörnir til ábyrgðar og að þögn er afstaða.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Stjórnarkreppa

Í DAG



Bergur Ebbi

**Hér mun ríkja stjórnarkreppa. Það verður aldrei aftur neinn Davíð að bíta í Big Macinn. En átök hafa tilgang. Ristum upp úlnliði og sverjumst í systbræðralag og látum blóðið flæða yfir húddið á gömlum Volvo Lapplander. Skálum. Upp er runninn mest spennandi hluti leikritsins.**

Ég man eftir því óljóst úr barnæsku minni að það var alltaf eitthvert vesen að stýra landinu. Á 9. áratugnum voru margar ríkisstjórnir myndaðar og mikið um rifrildi og bakstungur. Það var líka óðaverðbólga og samningar milli launþega og vinnuveitanda höfðu ekki langan líftíma. Tækifærismennska ríkti í efnahagsmálum. Tími refskáka og refabúa.

Svo breyttist allt. Það var gerð þjóðarsátt á vinnumarkaði og sterkur leiðtogi kom fram sem fólk taldi ýmist Jesú eða Belsebúb. Skoðanakannanir voru marktækar. Allt var í föstum skorðum. Alþjóðavæðingin bauð upp á mexíkóskan mat með kryddblöndum innfluttum frá Svíþjóð. Trúarleg þrenning fullkomnuð með heilagri Maríu frá Gautaborg.

Samtímann er erfiðara að greina. Jafnvel síðustu fimmtán ár eru enn hálfgerð móða í huga mínum. Hér varð bæði hrun og svokallað hrun. Mogginn birtir enn minningargreinar og mér skilst að börn fæðist enn, einkum á Landspítalanum. Mér finnst persónulega skemmtilegra að greina fortíðina og framtíðina.

Össur Skarphéðinsson spáði því nýlega að í kjölfar kosninga í haust mætti búast við langvarandi stjórnarkreppu. Hann tók undir orð Ólafs Ragnars, fráfarandi forseta, sem hafði svipaðar áhyggjur fyrr á árinu. Ég met báða þessa menn mikils. Fáir hafa gengið um í grárri fötum og verið með stærri gleraugu en Ólafur Ragnar. Össur lætur sér nægja þunn lestrargleraugu og er það fyrir bestu. Ef hann væri með Henry Kissinger gleraugu þá væri hann of ráðríkur og yfirþyrmandi. Ef Davíð Oddsson hefði gengið með gleraugu hefði hann líklega náð að breyta NATO í sambandsríki og stjórnað því sjálfur af Háaleitisbrautinni í gegnum takkasíma.

En aftur að mögulegri stjórnarkreppu. Ég tek undir með Össuri og Ólafi. Ég held að maður þurfi ekki einu sinni að vera djúpvitur til að leggja fram þessa spá. Sé rýnt í skoðanakannanir er líklegt að fylgi muni dreifast víða í kosningunum í haust. Auk þess liggja línur flokkanna þannig að erfitt er að sjá augljósa ríkisstjórn myndast.

### Bakstunguballett

Það hefur reyndar verið skortur á stjórnfestu á Íslandi alveg síðan fyrir hrun þegar ríkisstjórnin réð ekki lengur ferðinni heldur stjórnlausir bankamenn í leit að lánalínum. Þetta er löngu orðið að bakstunguballett. En alvöru stjórnarkreppa er ekki fyrirbæri sem við eigum að taka af léttúð. Það er alvarlegt mál ef ekki verður starfandi ríkisstjórn með tilhlýðandi starfsfrið í langan tíma. En varla kemur það á óvart ef það gerist. Það á einfaldlega eftir að ná sáttum um svo margt og sárin hafa ekki gróið þó makríll hafði veiðst eða túristar streymi til landsins. Fólk er ekki alveg búið að melta Rannsóknarskýrslu Alþingis frá 2010. Einkum þessa tilvitnun í Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins:

„Ég er búinn að fylgjast með þessu þjóðfélagi í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“

Ef við værum áhorfendur að leikriti sem hófst árið 1944 þá væri þetta lokalínan í öðrum leikhluta (til upprifjunar þá eru þrír leikhlutar í klassískum leikritum). Það er freistandi að sleppa því að reyna að greiða úr þessu. Byrjum frekar upp á nýtt. Gerum eins og Frakkarnir. Búum til okkar Deuxième République og höggvum nokkra hausa. Rómantískasta hugmynd sem ég veit er að standa í náttslopp með bensínbrúsa og smávindil og horfa á samfélagið brenna. Helst í hægum andvara með mjúkar snjóflyksur allt um kring. En viðurkennum það bara. Það er enginn að fara að kveikja í neinu. Hver ætlar annars að gera það? Twitter-samfélagið? Pirraðir pistlahöfundar?

### Casa Fiesta í refapels

Vinnum þetta frekar út frá gráu gleraugunum. Gefum þessu tuttugu ár. Við skulum ekki gleyma að nú höfum við sögu til að kafa ofan í. Það náðist sátt á vinnumarkaði á sínum tíma. Það náðist líka sátt um Evrópusamstarfið með EES-samningnum. Við förum ekki aftur í refaævintýri. Yngri kynslóðir geta lært svo margt af þeim eldri. Píratar geta lært mikið af Össuri. Allir geta lært mikið af Ólafi Ragnari og Davíð Oddssyni. Þó að einhverjir vilji mála þessa menn upp sem gamla freka kalla þá er viska þeirra (og breyska) samt lykillinn að úrlausn þriðja leikhluta. Það er næstum orðinn viðtekinn hluti af menningunni að líta á stjórnmálafólk sem hyski eftir að það hefur lokið störfum. Eins og þetta fólk sé notaðar eldhústuskur. Sumar konur segja að vinnuumhverfi stjórnmálanna sé fjandsamlegt og bæði kyn veigra sér við að sinna stjórnmálum lengi. Ég held að það sé krafan um ferskleika sem fælir. Stjórnmál eru óþolandi gripa- og skoðanasýning. Samt veit ég fátt hallærislegra en ferskt stjórnmálafólk. Frekar vil ég gleraugu í yfirstærð og yfirburða gáfnafar sem hunsar alla tískustrauma.

Þetta sem við höfum er bara það sem við höfum. Fiskurinn í sjónum og túristar sem vilja gapa á jöklana og ekki nema 330 þúsund íbúar sem þurfa sæmilegt húsnæði, hlýja sokka og vilja helst ekki finna fyrir útilokun og niðurlægingu. Er það ekki verkefni sem er hægt að leysa á næstu tuttugu árum án þess að vera sífellt að hóta að sækja eldspýtur? Í nafni heilagrar Casa Fíestu í refapels. Hér mun ríkja stjórnarkreppa. Það verður aldrei aftur neinn Davíð að bíta í Big Macinn. En átök hafa tilgang. Ristum upp úlnliði og sverjumst í systbræðralag og látum blóðið flæða yfir húddið á gömlum Volvo Lapplander. Skálum. Upp er runninn mest spennandi hluti leikritsins.

# Á Degi íslenskrar náttúru



Sigrún Magnúsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Dagur íslenskrar náttúru er í dag, 16. september. Það er ánægjulegt að á sama tíma sé umhverfis- og auðlindaráðuneytið að leggja lokahönd á tillögur að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar íslenskri náttúru í samræmi við nýleg lög. Áætlunin hefur það að markmiði að bæta úr aðstöðu til að taka á móti ferðafólki víða um land. Skipulagning til langtíma er höfð að leiðarljósi en samhliða hef ég sett verkefnavinnu í gang til næstu tólf ára sem tryggir yfirsýn, hagkvæmni og sjálfbærni.

Sjálfbærni á víðar við. Í vikunni mælti ég fyrir á Alþingi þingsályktunartillögu um rammaáætlun þar sem ólík sjónarmið um náttúruvernd og orkunýtingu eru sett í farveg. Ég hef lagt ofuráherslu á að standa vörð um þetta stjórntæki og að það nái fram að ganga eins og lögin segja til um, að unnið sé til beggja handa. Rammaáætlun er ætlað að leggja stóru línurnar fyrir vernd og nýtingu orkukosta en tillagan er í senn áætlun um öflun sjálfbærrar orku, á sama tíma og hún er metnaðarfull verndaráætlun.

Sjálfbær orka er lykilhlekkur í því að takast á við loftslagsbreytingar. Í ágúst kynnti ég fullgildingu Parísarsáttmálans á ríkisstjórnarfundi og mælti utanríkisráðherra fyrir henni á Alþingi á dögunum. Er útlit fyrir að Ísland verði í hópi fyrstu 55 þjóðanna til að fullgilda samninginn.

Áskoranirnar í umhverfismálum eru margvíslegar en nýverið skrifaði ég undir samning við Samtök verslunar og þjónustu og kynnti aðgerðaáætlun til að draga verulega úr notkun burðarpoka úr plasti. Sem gamall kaupmaður finnst mér ánægjulegt að ríkur vilji er meðal verslunarfólks til að draga vagninn í að minnka notkun plastpoka á næstu árum. Smám saman þurfum við að tileinka okkur að nýta hlutina oftar, sé þess kostur. Með réttu hugarfari getum við breytt miklu og fagna ég þeirri vitundarvakningu sem er orðin um matarsóun.

Hvort sem verkefnin eru stór eða smá getur hvert og eitt okkar lagt okkar af mörkum. Megi Dagur íslenskrar náttúru verða hvatning til bættrar umgengni.

**Sjálfbær orka er lykilhlekkur í því að takast á við loftslagsbreytingar.**

BETRIBILAKAUP.IS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna í síma 511 2777
- Afhendingartími er 4 til 8 vikur frá pöntun -



2016 Volvo XC90 T8 Plug-in Hybrid



2014 Nissan Leaf Quick Charge



2015 VW eGolf Premium Leather Loaded



2014 Chevrolet Plug-in Hybrid



2016 Mitsubishi Outlander 4x4 Plug-in Hybrid



2014 Tesla S85 Performance



2013 Volvo XC90 4x4



2014 Toyota Yaris

Ármúli 4 - 1. hæð · 108 Reykjavík · Sími 511 2777 · www.betribilakaup.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

## Blikar stöðvuðu sigurgöngu Valsmanna í Pepsídeild karla



**Tvö mörk og stoðsending** Valsmenn réðu illa við Árna Vilhjálmsson, sóknarmann Blika, sem skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 3-0 sigri Kópavogsbúa á Hlíðarenda í gærkvöldi. Þá var Rasmus Christiansen rekinn af velli fyrir að brjóta á Árna undir lok fyrri hálfleiks. Þetta var lykilleikur í baráttunni um annað sæti deildarinnar en eftir leiki gærkvöldsins deila Fjölnismenn og Blikar því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við höfum spilað frábærlega

**Margrét Lára Viðarsdóttir segir að landsliðið geri þá kröfu til sjálfs sín að tryggja EM-sætið í kvöld er Slóvenía kemur í heimsókn. Komist liðið á EM gæti það mót verið hennar síðustu landsleikir.**

**FÓTBOLTI** „Liðið er mjög vel stemmt og allir með báða fætur á jörðinni. Við erum mjög einbeittar á það sem þarf að gera,“ segir markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir en hún verður væntanlega á sínum stað í íslenska landsliðinu í kvöld er það mætir Slóveníu í undankeppni EM.

Þetta er næstsíðasti leikur íslenska liðsins í undankeppninni en það er á toppi síns riðils með fullt hús eftir sex leiki. Stelpurnar hafa skorað 29 mörk í þessum sex leikjum og ekki fengið eitt einasta mark á sig. Magnaður árangur.

Staðan fyrir leik kvöldsins er því einföld. Vinni stelpurnar leikinn, eða geri jafntefli, þá eru þær komnar á EM. Í ljósi þess að íslenska liðið vann fyrri rimmuna 6-0 ytra er gerð sú krafa til liðsins að það klári dæmið í kvöld.

**Engar áhyggjur af vanmati**

„Freyr þjálfari leggur línurnar og hópurinn fylgir því sem hann vill að við gerum. Það má ekkert gleyma sér í þessu. Það er ekkert gefið og minni spámennirnir eru alltaf að verða sterkari. Við verðum að hafa varann á. Ég hef engar áhyggjur af því að það verði eitthvert vanmat þó að við höfum unnið þær stórt úti. Við höfum lært að það er ekkert gefið í þessu,“ segir Margrét Lára alvarleg og augljóslega ekkert kæruleysi í gangi.

„Við viljum líka halda áfram að bæta okkar leik. Ég held að það verði ekkert stress í okkur. Við vitum hvað þarf til að vinna þessa leiki og við ætlum að fara eftir þeirri uppskrift sem fyrir okkur er lögð. Við verðum að halda grunnþáttunum í lagi. Baráttunni, stemningunni og gæðunum sem eru komin inn í okkar leik.“

**Mikilvægt að halda hreinu**

Markadrottningin reynda segir að liðið sé ekki bara að einblína á EM-sætið heldur skipti máli að vinna riðilinn. Þá þarf að klára þennan leik og leikinn gegn Skotum næstkomandi þriðjudag.

„Við gerum þá kröfu til okkar að klára þetta dæmi. Við erum búnar að spila frábærlega í þessari keppni. Það er mikilvægt að halda markinu hreinu því við höfum þá trú að við skorum alltaf.“

Margrét Lára varð þrítug fyrr á árinu og það eru liðin heil þrettán ár síðan hún spilaði sinn fyrsta landsleik. Landsleikirnir eru nú orðnir 108 og landsliðsmörkin 77. Hún segir erfitt að bera saman kynslóðirnar sem hún hefur leikið með hjá landsliðinu.

**Það er pressa á liðinu**

„Ég ber rosalega mikla virðingu fyrir öðrum leikmönnum og þeim þjálfurum sem ég hef haft hjá landsliðinu. Það hafa allir lagt hönd á plóginn við að byggja upp kvennaknattspyrnuna. Fyrsti árgangurinn sem ég var með var að ryðja brautina. Sá næsti var að viðhalda árangrinum og nú er okkar að fara með liðið enn lengra. Maður finnur fyrir því núna að það er pressa á þessu liði að ná árangri á meðan það var frábært að komast á EM á sínum tíma. Þetta er tíðarandinn sem breytist,“ segir Margrét Lára og hún er ánægð með þróunina. Liðið sé sífellt að færa sig tröppu ofar.




**Margrét Lára í leik Íslands og Slóvakíu í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er ekkert sjálfgefið. Það tókst með því að þær sem ruddu brautina héldu nógu lengi áfram svo keflið færist hægt og rólega á milli leikmanna. Síðan hefur KSÍ sett mun meiri pening í liðið. Við erum að fá mun fleiri leiki en áður og annað í þeim dúr,“ segir landsliðsfyrirliðinn og bætir við að það sé líka lykilatriði að liðið sé með góða þjálfara.

„Við erum með heimsklassaþjálfarateymi. Þeir gætu verið að þjálfa hvaða karlalið á Íslandi sem er en KSÍ gerir greinilega það vel við þá að þeir velji frekar að þjálfa landsliðið. Svo held ég að þeir hafi mjög gaman af því líka. Það skiptir máli að landsliðsþjálfarastaða sé ekki aukastarf. Svona staða á að vera aðalstarf og þar hefur KSÍ gert mjög vel.“

Eins og áður segir er Margrét Lára búin að vera lengi í eldlínunni. Meiðsli hafa plagað hana mikið síðustu ár og því er eðlilegt að spyrja hvort EM næsta sumar verði hennar svanasöngur með landsliðinu, að því gefnu að liðið komist þangað.

**Í basli í tæpan áratug**

„Auðvitað læðast að manni hugsanir um það. Sérstaklega þar sem ég hef verið meiðslapési. Ég hef verið í bölvuðu basli í átta eða níu ár. Það er farið að taka sinn toll af mér. Ef ég væri með hinn fullkomna líkama þá væri ég til í að spila fyrir landsliðið þar til ég verð fertug. Ég er aftur á móti á þeim stað að ég tek bara eitt ár í einu og vil ekki vera með neinar yfirlýsingar. EM á næsta ári gæti orðið það stærsta sem ég hef gert á ferlinum og ég er 120 prósent til í það verkefni.“ **henry@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla 2016**

**Víkingur Ó - Víkingur R 1-1**
1-0 Kenan Turudija (3.), 1-1 Alex Freyr Hilmarsson (29.).

Ólafsvíkingar fengu afar dýrmætt stig í fallbaráttunni og eru nú þremur stigum frá fallsæti.

**ÍA - KR 0-1**
0-1 Morten Beck Andersen (61.).

Annar sigur KR í röð sem getur nú veitt Val samkeppni um fjórða sæti deildarinnar.

**Fylkir - FH 2-3**
1-0 Ragnar Bragi Sveinsson (18.), 1-1 Kassim Doumbia (23.), 2-1 Albert Brynjar Ingason (45.), 2-2 Kristján Flóki Finnbogason (59.), 2-3 Davíð Þór Viðarsson (73.).

FH lenti tvisvar undir en tók með sigri enn eitt skrefið að öðrum Íslandsmeistaratitlinum í röð.

**Fjölnir - Þróttur 2-0**
1-0 Ingimundur Níels Óskarsson (25.), 2-0 Þórir Guðjónsson (73.).

Annar sigur Fjölnis í röð sem gefur ekkert eftir í baráttunni um Evrópudeildarsæti.

**Valur - Breiðablik 0-3**
0-1 Árni Vilhjálmsson (37.), 0-2 Gísli Eyjólfsson (52.), 0-3 Árni Vilhjálmsson (66.).

Frískir Blikar stöðvuðu Valsmenn sem misstu Rasmus Christiansen af velli með rautt í stöðunni 1-0.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 41 | Stjarnan | 27 |
| Fjölnir | 34 | Víkingur R | 25 |
| Breiðablik | 34 | Víkingur Ó | 20 |
| Valur | 31 | ÍBV | 18 |
| KR | 29 | Fylkir | 17 |
| ÍA | 28 | Þróttur | 12 |

**Olísdeild karla 2016-17**

| | |
|---|---|
| Fram - ÍBV | 26-26 |
| FH - Stjarnan | 23-23 |
| Akureyri - Grótta | 20-21 |
| Haukar - Afturelding | 30-31 |

**Evrópudeild UEFA 2016-17**

| | | |
|---|---|---|
| *Feyenoord* | *1–0* | *Man. United* |
| 1-0 Tonny Vilhena (79.). | | |
| Zoroya | 1–1 | Fenerbahce |
| APOEL Nic. | 2–1 | Astana |
| Young Boys | 0–1 | Olympiacos |
| Anderlecht | 3–1 | Qabala |
| Mainz | 1–1 | Saint-Etienne |
| AZ Alkmaar | 1–1 | Dundalk |
| *Maccabi Tel A.* | *3–4* | *Zenit* |
| Viðar Örn Kjartansson skoraði annað mark Maccabi Tel Aviv sem komst 3-0 yfir. | | |
| Astra Giurgiu | 2–3 | Austria Vín |
| Viktoria Plzen | 1–1 | Roma |
| *Rapid Vín* | *3–2* | *Genk* |
| Arnór Ingvi Traustason var í byrjunarliði Rapid Vín og spilaði í 79 mínútur. | | |
| Sassuolo | 3–0 | Athletic Bilb. |
| Panathinaikos | 1–2 | Ajax |
| Standard L. | 1–1 | Celta Vigo |
| Braga | 1–1 | Gent |
| Konyaspor | 0–1 | S. Donetsk |
| Nice | 0–1 | Schalke |
| Salzburg | 0–1 | Krasnodar |
| Qarabag | 2–2 | Sloven Liberc |
| PAOK Th. | 0–0 | Fiorentina |
| Inter | 0–2 | Hapoel B. S. |
| *Southampton* | *3–0* | *Sparta Prag* |
| Charlie Austin 2, Jay Rodriguez 1. | | |
| Osmanlispor | 2–0 | Steaua Búkar. |
| Villarreal | 2–1 | FC Zürich |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.35 | ÍBV - Stjarnan | Sport |
| 18.40 | Chelsea - Liverpool | Sport |
| 18.45 | Ísland - Slóvenía | Laugard.v. |
| 19.30 | Valur - Selfoss | Valshöllin |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 16. SEPTEMBER 2016 FÖSTUDAGUR


## Lífstíll



# JAPANSKT TEHÚS Í GRANDAKAFFI

Svissneska listakonan, grafíski hönnuðurinn og kökulistakonan **Sara Hochuli** opnar te- og kaffihús undir japönskum áhrifum í húsnæði Grandakaffis í byrjun október í samstarfi við unnusta sinn. »

MYND/ MANUEL VARGAS LÉPIZ




**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



»Sara er í óða önn að mála fallegt mynstur utan á gamla Grandakaffi þegar blaðamann ber að garði. Hún á svo undarlega vel heima á þessum stað, með blátt og bleikt hárið sem bylgjast í golunni frá höfninni. Hún býður mér að ganga í bæinn. Framkvæmdir eru í fullum gangi enda stutt í opnunina og ýmislegt ógert.

Hin íðilfagra japanska mangastúlka Kumiko er alltumlykjandi á einum veggnum, listaverk eftir Söru sjálfa, líkt og flest annað innanstokks.

Við setjumst í garðskálann þar sem vinkona Söru er að mála gömul og falleg húsgögn í skemmtilegum litum. „Fórstu í Góða hirðinn til að finna húsgögn?“ spyr ég, en hún segir öll húsgögnin komin frá Póllandi. „Tengdapabbi er frá Póllandi og mikill áhugamaður um antík. Hann fór að versla fyrir okkur,“ segir hún og brosir.

### LITRÍK HÁRKOLLUGERÐ

Sara er fædd og uppalin í Zürich. Hún lauk grunnnámi í listaskóla og eftir að hafa lært grafíska hönnun starfaði hún hjá stóru auglýsingafyrirtæki, eða allt þar til öllu teyminu var sagt upp. „Þá hugsaði ég með mér, að þetta hefði nú alls ekki verið skemmtileg vinna og nú væri tækifærið til að vera minn eigin herra,“ segir Sara sem stofnaði í kjölfarið hárkollugerð með litríkum og skemmtilegum hárkollum og fylgihlutum, en hár hefur alltaf verið Söru hugleikið.

Hárkollugerðina átti hún frá 2004 til 2012 þegar hún seldi hana til að einbeita sér að rekstri kaffihússins Miyuko.

### HUGMYND VAKNAR

„Þegar ég var lítil langaði mig að verða þrennt, listamaður, hárgreiðslukona og bakari,“ segir Sara og má segja að líf hennar hafi spunnist í kringum þessa þrjá drauma og sameinað þá. Bökunaráhuginn hefur fylgt henni lengi. „Ég ákvað meira að segja einu sinni að fá að gerast lærlingur í bakaríi, hringdi og fékk stöðuna. En þegar mér var sagt að ég mætti mæta klukkan þrjú um nóttina, hætti ég við. Ég var bara of löt fyrir þennan starfsvettvang,“ segir hún og skellir upp úr. Í staðinn hefur hún haft kökugerðina að áhugamáli, hefur sótt námskeið og prófað sig áfram en hún lítur á kökugerðina sem eina tegund af listformi svipað og hárkollugerðin var áður.



Sara hefur að stórum hluta séð um endurbæturnar á húsnæðinu með góðri hjálp frá unnustanum, föður sínum og tengdaföður. MYND/HANNA



Manga-stúlkan Kumiko setur sterkan svip á tehúsið enda heitir það eftir henni. MYND/HANNA



Kökurnar sem Sara býr til eru sannkölluð listaverk og í sama stíl og hönnuðurinn sjálfur, litríkar og skemmtilegar. MYND/ MANUEL VARGAS LÉPIZ

Sara var óþreytandi við að baka og gefa fólki listilega súkkulaðigjörninga í afmælis- og jólagjafir. „Eitt sinn sagði einn vinur minn við mig að ég ætti ekki að vera að gefa þessar kökur, ég ætti að selja þær. Svo vorum við Dominik, unnusti minn, að ræða þessa hluti einn daginn og þá viðurkennir hann að það hafi verið æskudraumur hans að opna kaffihús. Þar með vaknaði hugmynd sem festist í hausnum á okkur þangað til við ákváðum að dýfa okkur í djúpu laugina.“ Úr varð kaffi- og tehúsið Miyuko sem þau opnuðu í Zürich í mars 2012.

„Áhuginn á manga vaknaði þegar ég var í listaskóla. Ég heillaðist af stílnum, litunum, fötunum og hárinu. Þegar ég kom til Japan í fyrsta sinn 2001 var það mikið kúltúrsjokk en smám saman varð ég fyrir miklum innblæstri, fyrst frá japanskri götutísku en síðar frá siðunum, matnum og tehefðinni.“

Það var því ljóst frá byrjun að kaffihúsið yrði undir japönskum áhrifum og Söru þótti nærtækast að nefna það eftir einum þeim manga-karakterum sem hún hafði skapað fyrir fylgihlutahönnun sína. „Ein af mínum uppáhaldspersónum var Miyuku og ég vildi hafa hana í forgrunni.“

### ÓVÆNTAR MÓTTÖKUR

Viðtökurnar voru mun betri en nokkur þorði að vona. „Við fengum umfjöllun bæði í blöðum og sjónvarpi og þá sprakk allt. Við unnum dag og nótt og það var samt aldrei til nóg af kökum, þær hurfu bara um leið og við opnuðum,“ segir Sara og hlær að minningunni. „Við opnuðum um miðjan mars og fyrsti frídagurinn minn var í september.“

### EINLÆGUR ÍSLANDSÁHUGI

Hugmyndin um að opna kaffihús á Íslandi hafði lengi fylgt Söru en þau Dominik komu hingað til lands 2009 og svo 2010 á Iceland Airwaves. „Við veltum því raunverulega fyrir okkur að það væri gaman að opna kaffihúsið hér í staðinn fyrir í Sviss en það strandaði að stórum hluta á því að hér var ekki til nógu gott súkkulaði,“ segir Sara.

Parið sótti Ísland aftur heim fyrir einu og hálfi ári, og þá um vetur. „Þá hittum við strákana í Omnom og náðum vel saman. Þegar við Dominik fórum út að borða á Dilli um kvöldið spurði hann mig af hverju ég hefði alltaf viljað opna í Reykjavík. Ég svaraði því að hér væru enn allir möguleikar galopnir og fólk væri áhugasamt um nýjungar. En að hér væri ekki nógu gott súkkulaði. Þá sló þögn á alla við borðið enda föttuðum við að það hefði breyst með tilkomu Omnom,“ lýsir Sara sem kom varla dúr á auga í viku. „Þá hringdi ég í Kjartan hjá Omnom og bar undir hann hugmyndina og þá varð ekki aftur snúið.“

### BROKKGENG BYRJUN

Sara keypti hús við Þórsgötu og var komin vel á veg með skipulagningu þegar henni var tilkynnt að hún fengi ekki leyfi til kaffihúsareksturs þar sem húsið væri í íbúðargötu. „Þá velti ég því örstutt fyrir mér að hætta við en ég er svo þrjósk að það kom ekki til greina. Ég fékk líka góðan stuðning og pepp frá fólkinu hér sem stappaði í mig stálinu. Svo örfáum mánuðum síðar var búið að redda þessu.“

Húsnæði Grandakaffis hafði verið til sölu í nokkra mánuði þegar Óskar hjá Omnom benti Söru á það. „Ég var efins þegar ég sá það fyrst en við nánari athugun leist mér rosa vel á, enda húsnæðið mun stærra en við Þórsgötuna. Þá gátum við hér verið með vínveitingaleyfi og þurftum ekki að velta fyrir okkur lokunartíma eða því að trufla nágrannana.“

Grandakaffi er alls ólíkt því sem það var áður enda búið að rífa niður og endurbyggja flest innanstokks. „Við höfum unnið mikið við þetta sjálf en fengið hjálp frá feðrum okkar,“ segir Sara og segir bæði erfitt og gefandi að vinna svo náið með fjölskyldunni. „Pabba leist ekkert á að fara til Íslands enda meira fyrir heitu löndin. En nú hef ég náð að smita hann af þessari Íslandsást sem ég er haldin og veit ekki hvernig er til komin. Ég bara kem hingað og finnst eins og ég sé komin heim.“

Sara og Dominik búa enn í Zürich en eru með íbúð hér. „Við munum búa hér hluta ársins, Dominik sér að mestu um Miyuko í Sviss og ég sé um reksturinn hér á Íslandi með góðri aðstoð þess starfsfólks sem ég hef ráðið.“

### KUMIKO MEÐ KOLKRABBA

Kaffihúsið fær heitið Kumiko en það er manga-karakter sem Sara hefur hannað. „Ég vildi að kaffihúsið yrði svipað því og það er í Zürich en alls ekki eins. Bæði væri það leiðinlegt auk þess sem umhverfið hér er allt annað. Kumiko fannst mér eiga vel við hér úti á Granda enda á hún lítinn gælukolkrabba,“ segir hún og brosir.

En hvað verður boðið upp á? „Meginþemað er te og verðum við aðallega með japanskt te en einnig frá Kína og fleiri löndum. Þá verðum við í samstarfi við Reykjavík Roasters með kaffið. Kökurnar verða þær sömu og í Miyuko en við breytum úrvalinu þrisvar á ári,“ segir Sara sem leggur mikla áherslu á að kökurnar líti vel út, séu litríkar og einstakar. „En þær eiga líka að smakkast í það minnsta jafn vel og þær líta út. Við munum einnig bjóða upp á morgunmat og kynnum eigin túlkun á síðdegistei.“

### FRAMTÍÐIN ÓRÁÐIN

En ætla þau að opna tehús í fleiri löndum? „Þegar maður er í miðjum klíðum að ljúka undirbúningi að opnun þá hugsar maður með sér, aldrei, aldrei aftur. En hver veit hvað gerist í framtíðinni. Það eru þó ekki margir staðir sem eiga sér stað í hjarta mér eins og Ísland. Ég er til dæmis ekki til í að opna staði í Dubai bara af því gróðinn yrði góður. Þegar öllu er á botninn hvolft þá vil ég vera sú sem hannar allt og er í hringiðunni. Ég vil ekki enda í því að vera á skrifstofu að svara tölvupósti og símtölum.“






**Childs Farm kynnir** Childs Farm er margverðlaunuð bresk hreinlætislína fyrir börn sem kom á markað árið 2012 og hefur verið fáanleg á Íslandi frá því í byrjun árs. Í henni eru nær eingöngu náttúruleg innihaldsefni og kjarnaolíur. Vörurnar eru einstaklega mildar, ilma vel og fara vel með húð og hár ungbarna og krakka. Þær henta börnum með viðkvæma húð og þeim sem hættir til að fá exem en líka öllum öðrum, ungum sem öldnum.

# NÁTTÚRULEG BARNALÍNA Í ÖRUM VEXTI



**Joanna hafði það að leiðarljósi að búa til aðlaðandi umbúðir utan um náttúrulegar og heilnæmar vörur með góðri lykt.** MYND/ANTON BRINK

> **„Mér finnst dásamlegt að hitta og ræða við foreldra. Það gefur mér mikið að heyra hvað þeir hafa að segja. Þá held ég að það skipti máli fyrir þá að sjá að það er manneskja á bak við framleiðsluna.**
>
> Joanna Jensen

Joanna Jensen, bóndi í Hampshire á Englandi, á heiðurinn að Childs Farm. „Ég hafði lengi leitað að vönduðum og hreinum barnavörum fyrir dætur mínar tvær sem báðar eru með viðkvæma húð og fíngert hár og fannst fátt leiðinlegra en að láta þvo sér,“ segir Joanna sem var stödd hér á landi um síðustu helgi til að kynna nýja Childs Farm ungbarnalínu fyrir íslenskum neytendum á „My Baby“ sýningunni sem haldin var í Hörpu.

Joanna fann á sínum tíma ekkert sem hentaði dætrum hennar og ákvað því að taka til sinna ráða. Fjölskyldan á hestabúgarð í Hampshire og hafði löngum búið til eigin lyf og smyrsl fyrir skepnurnar. Hún ákvað að nýta þá þekkingu til að þróa sjampó úr náttúrulegum efnum og bæta eftirlætis ilmolíunum sínum við. Eftir að hafa gengið á milli framleiðenda sem reyndu að telja henni hughvarf varðandi það að nota nær eingöngu náttúruleg efni hóf hún samstarf við Medichem sem gekk að kröfum hennar.

„Þó að ég komi úr bankageiranum hef ég alltaf haft mikinn áhuga á náttúrulækningum og vildi búa til náttúrulegt sjampó sem væri engu að síður með góðri lykt. Þá skildi ég ekki af hverju ekki voru til jafn aðlaðandi húð- og hárvörur fyrir börn og fullorðna. Einhvern tíma þegar ég var stödd á hótelherbergi sem var búið alls kyns litríkum og aðlaðandi húð- og hárvörum fyrir fullorðna fór ég að hugsa um það af hverju vörur fyrir börn væru yfirleitt í hvítum umbúðum eins og um væri að ræða meðal, ef frá eru taldar Disney-vörurnar sem því miður eru uppfullar af kemískum efnum. Ég hugsaði með mér að dætur mínar myndu frekar fallast á að láta þvo sér ef það væru skemmtilegar myndir á brúsunum. Fyrrverandi eiginmaður minn sagði mér þá að láta slag standa og sameina þessar hugmyndir í eitt. Að búa til aðlaðandi umbúðir utan um náttúrulegar og heilnæmar vörur með góðri lykt,“ segir Joanna.

Hún segir einhverja hluta vegna algengt að nota lavenderolíu í barnavörur en hún er mjög sterk og ertandi fyrir húðina. „Það hefur kamilla verið mikið notuð en hún lyktar að mínu mati hálfleiðinlega,“ segir Joanna sem notaði jarðarberja- og myntuolíu í fyrsta sjampóið sem sló í gegn.




**Ungbarnalínan er nýjasta viðbótin.**

Leiðin var þó ekki alltaf greið og á öðru ári var fyrirtækið við það að fara í þrot enda gríðarlega kostnaðarsamt að gera klínískar prófanir. „Við höfðum ekki mikið á milli handanna í upphafi en það borgaði sig svo sannarlega enda mikilvægt að geta haft vissu fyrir því að vörurnar séu í lagi. Það er það sem foreldrar vilja. Nú getum við fullyrt að vörurnar ýti undir hamingjusama húð. Þær eru 98 prósent náttúrulegar, eru húðlæknisfræðilega prófaðar og samþykktar af barnalæknum. Í þeim eru engin paraben, ekkert SLES, engar steinefnaolíur eða tilbúin litarefni,“ segir Joanna. Hún hefur í kjölfarið hlotið mörg þekkt og viðurkennd verðlaun og hefur verið fjallað um velgengni hennar og Childs Farm í öllum helstu blöðum og tímaritum Bretlands.

## Gríðarlegur vöxtur

Greinilegt er að eftirspurn eftir vörum á borð við Childs Farm var fyrir hendi því nú aðeins fjórum árum eftir að þær komu á markað eru þær í öðru sæti yfir mest seldu húð- og hárvörurnar fyrir börn í Bretlandi á eftir Johnson & Johnson.

Í nýlegri klínískri rannsókn kom fram fram að 100 prósent foreldra barna á aldrinum 3-18 mánaða með læknisfræðilega greint exem sögðu ungbarnalínuna í Childs Farm ekki hafa valdið ertingu á húð barna þeirra og sögðust þeir mæla með vörunum við aðra foreldra sem ættu börn með exem eða viðkvæma húð. Foreldrar 99% barna sem prófuð voru með krakkalínunni sögðu vöruna ekki hafa valdið ertingu, og að þeir myndu mæla með henni við aðra foreldra.

## Innblástur í teiknimynd

Teikningarnar á umbúðunum, sem eru eftir Emmu McCall, eru allar innblásnar af dætrum Joanne og dýrunum á bænum hennar. „Ég lagði mikið upp úr því að karakterarnir á umbúðunum væru byggðir á raunveruleikanum og að börn gætu tengt við þá,“ segir Joanna. Hún fékk síðan óvænt símtal frá fjölmiðla- og afþreyingarrisanum Time Warner sem vildi gera teiknimynd byggða á teikningunum. Breski teiknimyndaframleiðandinn Karrot Entertainment, sem framleiðir hinar vinsælu Sarah & Duck teiknimyndir, tók verkið að sér og hafa Childs Farm teiknimyndirnar verið sýndar á sjónvarpsstöðinni Cartoonito í Bretlandi síðan 2014.

Childs Farm framleiðir húð- og hárvörur af ýmsum toga og sömuleiðis sólarlínu fyrir börn. Nýlega kom svo á markað ný lína sem er sérstaklega fyrir viðkvæma húð ungbarna. Joanna stóð vaktina í bás Cu2, sem flytur vörurnar inn, um helgina og svaraði spurningum neytenda. „Mér finnst dásamlegt að hitta og ræða við foreldra. Það gefur mér mikið að heyra hvað þeir hafa að segja. Þá held ég að það skipti máli fyrir þá að sjá að það er manneskja á bak við framleiðsluna.“

Ísland er á meðal fyrstu landa utan Bretlands sem setur Childs Farm vörurnar á markað. „Mér var ráðlagt að byrja á að koma mér vel fyrir á mínum heimamarkaði áður en ég færi í frekari útrás. Hins vegar sýndu aðilar frá Íslandi, Írlandi, Kýpur og Póllandi mikinn áhuga auk þess sem ég er í viðræðum við aðila í Kanada og Ástralíu. Við erum því aðeins farin að fikra okkur af stað á erlendum mörkuðum en viljum vanda okkur. Þóra Gunnur Ísaksen hjá Cu2 hefur verið einstaklega áhugasöm og vandað vel til verka og mér skilst að íslenskir neytendur séu meðvitaðir um hreinar vörur, enda hefur salan farið vel af stað.“

Aðspurð segir Joanna vöruþróunina halda áfram. „Næst eru það lyktarlausar blautþurrkur fyrir nýbura og blautþurrkur fyrir krakka með tea tree olíu. Sömuleiðis sjampó fyrir sérstaklega viðkvæman hársvörð. Þá erum við að stækka sumar umbúðir og bæta við pumpum svo eitthvað sé nefnt.“

**Childs Farm vörurnar fást á eftirtöldum sölustöðum: Apótekum um allt land, Fjarðarkaupum og stærri verslunum Hagkaups og Krónunnar.**

**Nýja ungbarnalínan er hins vegar svo ný að hún fæst aðeins í Lyfju Lágmúla, Nýbýlavegi, Smáralind og Smáratorgi, Lyfjum og heilsu Kringlunni, Austurveri og JL húsinu, Apótekaranum Domus Medica og Mosfellsbæ, auk þess á Heimkaup.is í augnablikinu.**

Smáralind – Kringlan – Glerártorg
Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
#lindexiceland

SUSTAINABLE CHOICE

*Give your baby the best start possible with our sustainable choice*



Samfella + buxur,

2995,-

Gildir aðeins af völdum vörum úr Newborn línunni. Þetta tilboð gildir einu sinni og ekki hægt að nota með öðrum tilboðum eða afslætti.


LINDEX
we make fashion feel good

# KÍLÓIN HRUNDU AF CAROLU EFTIR MAGAMINNKUNARAÐGERÐ

**Carola Köhler** var farin að finna fyrir verkjum í hnjám og fleiri heilsubrestum þegar hún ákvað að gera eitthvað í sínum málum. Hún var allt of þung og það var farið að há henni í daglegu lífi auk þess sem hún átti á hættu að fá sykursýki. Hún setti sig í samband við Auðun Sigurðsson lækni sem framkvæmdi aðgerð sem nefnist sleeve gastrectomy eða magaermi.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Auðunn starfaði sem læknir í Birmingham á Englandi árið 2013 og þangað fór Carola í aðgerðina. „Ég var komin á þann stað að gera eitthvað róttækt í mínum málum. Ég var búin að reyna alla kúra margsinnis án árangurs. Mér tekst yfirleitt allt sem ég ákveð að gera en fíknina réð ég ekki við. Það er nokkur aðdragandi að sjálfri aðgerðinni. Fyrst þurfti ég að létta mig aðeins til að sýna fram á að mér væri alvara með að leggja þetta á mig. Stór hluti magans, 75-80 prósent, er skorinn burt og maður getur ekki borðað eins og áður. Ég var á fljótandi fæði í sex vikur eftir aðgerðina. Síðan mátti ég borða maukaðan mat, líkt og barnamat,“ útskýrir Carola en þess má geta að magaermi þykir mjög árangursrík aðferð til að hjálpa fólki að léttast.

### MIKIÐ HÁRLOS

„Eftir aðgerðina hvarf hungurtilfinningin,“ segir Carola. „Ég finn aldrei fyrir hungri núna. Þegar maður losnar við þessa endalausu hungurtilfinningu þá opnast fyrir manni nýr heimur. Ég má borða allt í dag en ég vel að gera það ekki. Þannig breytist mataræðið við aðgerðina því maður tímir ekki að fylla magaplássið með einhverri óhollustu. Ég þarf svo lítið til að verða södd,“ segir hún.

Carola segir að aukaverkanir eftir aðgerðina hafi verið mikið hárlos. „Ég ræddi það við lækninn sem sagði mér að hafa ekki áhyggjur. Líkaminn fær visst sjokk eftir að hluti magans er skorinn burtu en svo aðlagast hann því og hárlosið hættir. Það voru samt liðnir sjö mánuðir frá aðgerð þar til hárlosið byrjaði. Það var virkilega óþægilegt að vera með fulla lúku af hárum í sturtu. Ég reyndi allar töfralausnir sem auglýstar voru en þær björguðu engu. Þetta var tímabil sem gekk yfir sem betur fer,“ segir Carola sem segist ekki sjá eftir því eitt augnablik að hafa farið í aðgerðina. „Ég öðlaðist nýtt líf,“ segir hún. „Mér er sagt að þessi aðgerð sé mun minna inngrip í líkamann en hjáveituaðgerð sem er vel þekkt hér á landi,“ segir hún.

„Auðunn gerir þessa aðgerð hér heima núna svo fólk þarf ekki að fara til Bretlands. Hins vegar er aðgerðin ekki niðurgreidd eins og hjáveituaðgerð. Það þykir mér afar undarlegt. Ég þurfti að borga rúma milljón fyrir aðgerðina auk flugs og hótels. Aðgerðin gekk mjög vel og ég fann nánast ekkert fyrir henni á eftir. Hins vegar hrundu af mér kílóin í orðsins fyllstu merkingu. Þegar ég kom heim viku eftir aðgerð hafði ég þegar misst níu kíló. Í dag er ég búin að missa sem svarar þyngd einnar unglingsstúlku.“



Carola segist ekki sjá eftir því að hafa lagt á sig magaminnkunaraðgerðina. Hún hafi breytt lífi hennar til góðs. MYND/GVA

> Ég átti orðið erfitt með gang, komast upp tröppur og venjulegar athafnir. Ég fann til hér og þar og alls staðar í líkamanum. Ég var með of háan blóðþrýsting sem er fínn í dag.
>
> Carola Köhler

### UMFRAMHÚÐIN FJARLÆGÐ

Þegar kílóin fjúka af fólki situr umframhúð eftir á líkamanum. Carola ákvað að ráðast gegn því og leitaði til Óttos Guðjónssonar lýtalæknis. Hún hefur þegar farið í tvær aðgerðir og á þá þriðju eftir. „Líkamsrækt gerir ekkert fyrir teygða húð svo það var ekkert annað í stöðunni en að skera hana burt,“ segir Carola sem hefur heldur betur breyst í útliti. „Ég var svolítið smeyk fyrir fyrstu aðgerðina sem var framkvæmd á sjúkrahúsinu á Akranesi en það var óþarfi. Það er svo ótrúlega fært fólk sem þarna starfar,“ segir Carola en margir þekkja hana ekki lengur á götu eftir breytingarnar.

Carola segir að magaaðgerðin hafi gefið henni nýtt og betra líf. „Ég átti orðið erfitt með gang, komast upp tröppur og venjulegar athafnir. Ég fann til hér og þar og alls staðar í líkamanum. Ég var með of háan blóðþrýsting sem er fínn í dag. Núna labba ég mikið, fer út með hundinn minn og ég er farin að hlaupa. Útiveran gefur mér ótrúlega mikið en því hefði ég ekki trúað fyrir nokkrum árum. Þetta er algjörlega ný tilfinning. Ég er nýbúin að eignast reiðhjól en ég hafði ekki hjólað síðan ég var barn,“ segir hún.

### FITUFORDÓMAR ALGENGIR

Carola var landsþekkt eftir símahrekki í hinum vinsælu þáttum Tveir með öllu á Bylgjunni á tíunda áratugnum. Hún starfar sem tannsmiður en auk þess hefur hún verið fararstjóri hjá Icelandair í Glasgow og Birmingham. „Það hefur sjaldan verið betra að versla í Englandi en nú,“ segir hún kankvís. Eiginmaður Carolu er Jón Viðar Guðjónsson en þau eiga þrjú börn, tengdabörn og tvö barnabörn. Hún segist hafa fengið ómældan og góðan stuðning frá fjölskyldunni.

Þegar Carola er spurð hvort hún hafi fundið fyrir fordómum, svarar hún því játandi. „Ég hafði gott sjálfstraust og held að ég hafi ekki orðið fyrir jafn miklum fordómum og margir aðrir. Sjálfsöryggi hjálpar alltaf. Hins vegar veit ég vel að það eru töluverðir fitufordómar í þjóðfélaginu. Mig langar oft til að segja fólki með matarfíkn sem stríðir við ofþyngd að skoða þennan möguleika. Samt tók það mig langan tíma að tala um þetta. Ég fæ oft spurningar um hvernig ég hafi farið að því að grenna mig, nú er ég tilbúin að mæla heilshugar með þessari aðgerð.“






# Fiskeldi

16. september 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Akvaplan-nivo | Vaki | Arnarlax | Eldislausnir | Fjarðanet





# Spennandi tímar fram undan

Á sunnanverðum Vestfjörðum hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífi og samfélaginu í kjölfar uppbyggingar sjókvíaeldis. Störfum fjölgar í samfélaginu og fleiri afleidd störf verða til um leið. Bæjarstjóri Vesturbyggðar segir jákvæða tíma fram undan með tilheyrandi íbúafjölgun.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Atvinnulífið á sunnanverðum Vestfjörðum hefur breyst mikið í kjölfar uppbyggingar sjókvíaeldis á undanförnum árum að sögn Ásthildar Sturludóttur, bæjarstjóra Vesturbyggðar. Hún segir spennandi tíma fram undan fyrir uppbyggingu laxeldis á svæðinu og er sannfærð um að eldið muni halda áfram að hafa jákvæð áhrif á samfélagið eins og það hefur gert undanfarin ár.

Lengi vel voru tvö fyrirtæki í sjókvíaeldi á svæðinu, Fjarðalax og Arnarlax, en í sumar sameinuðust þau undir nafni Arnarlax. „Auk þess er Dýrfiskur með seiðaeldisstöð í botni Tálknafjarðar og Arnarlax er með seiðaeldisstöð á Gileyri í Tálknafirði. Svo má nefna smærri fyrirtæki í eldi á landi á svæðinu, s.s. Tungusilung í Tálknafirði og Eldisvör á Barðaströnd. Þá eru einnig nokkur þjónustufyrirtæki komin við laxeldið. Ég myndi áætla að það væru ríflega hundrað starfsmenn sem vinna hjá fiskeldisfyrirtækjunum og fyrirtækjum sem tengjast þeim með beinum hætti.“

### Íbúum fjölgar hratt

Uppbygging sjókvíaeldis hefur ekki bara fjölgað störfum hjá eldisfyrirtækjunum sjálfum heldur skapað fjölda afleiddra starfa á svæðinu. „Það er mikið að gera hjá verktakafyrirtækjunum á svæðinu sem þjónusta laxeldið með ýmsum hætti og eru flest öll fyrirtækin að leita eftir fleira starfsfólki. Hér fjölgar íbúum sem um leið kallar á meiri þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Börnum hefur t.d. fjölgað í skólunum sem kallar á fleira starfsfólk og við erum sannarlega að ganga í gegnum umtalsverða vaxtarverki í samfélaginu. Eins finnum við að fleiri nýir íbúar kalla á frekari og betri þjónustu í samfélaginu sem er vel. Við eigum að vera metnaðargjörn og kröfuhörð á gott samfélag.“

Og það eru spennandi tímar fram undan fyrir uppbygginguna laxeldis á sunnanverðum Vestfjörðum og um leið fyrir samfélagið í heild sinni segir Ásthildur. „Ef vöxturinn verður eins og hann hefur verið sl. ár verður sprenging í íbúafjölda innan þriggja ára. Íbúum fjölgar um ríflega þrjú prósent á ári sem er yfir landsmeðaltali. Það er frábært hjá samfélagi sem var á hraðri niðurleið fyrir ekki nema um sex árum. Síðan þá hefur íbúum fjölgað um 200 sem er umtalsvert hjá ekki stærra sveitarfélagi en Vesturbyggð.“



„Síðastliðin ár hefur margt ungt og vel menntað fólk snúið til baka til heimahaganna. Þau sjá tækifæri í störfum við sitt hæfi,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. MYND/KRISTINN INGVARSSON

### Fólk snýr til baka

Þróunin í uppbyggingu laxeldis hefur líka haft jákvæð áhrif á stöðu ungs og menntaðs fólks sem sér nú fleiri tækifæri til að snúa aftur til heimaslóðanna að sögn Ásthildar. „Síðastliðin ár hefur margt ungt og vel menntað fólk snúið til baka til heimahaganna. Þau sjá tækifæri í störfum við sitt hæfi. Samfélagið hérna er tiltölulega ungt og það er sérstaklega gleðilegt að upplifa hversu margir vilja snúa aftur í gömlu heimahagana og byggja upp framtíð sína hér. Hér eru tækifæri til mikils vaxtar og velmegunar, það er bara að grípa þau.“

Sunnanverðir Vestfirðir eru því að byggjast upp sem nútímalegt og gott fjölskylduvænt samfélag að sögn Ásthildar og ástandið í atvinnumálum er mjög gott. „Það er helst að það vanti góð kvennastörf fyrir menntaðar konur en það eru jú þær sem ráða búsetunni. Það verður okkar stærsta áskorun á næstu árum. Mikill niðurskurður á þjónustu ríkisins og fjármálafyrirtækja á landsbyggðinni hefur orðið til þess að góðum kvennastörfum hefur fækkað. Innviðirnir í blómlegu samfélagi þurfa að vera góðir og það þarf að vera gaman að búa í samfélaginu. Þetta allt er mögulegt með sístækkandi samfélagi og ábyrgum fyrirtækjum sem eru tilbúin til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.“




# Rannsóknir og þjónusta

**Akvaplan-niva** á Íslandi býður fiskeldisfyrirtækjum þjónustu sem tengjast rannsóknum, staðarúttektum, útgáfu stöðvarskírteina og umhverfisvöktun.

„Akvaplan-niva AS hefur rekið útibú á Íslandi frá árinu 2001 þar sem áhersla er lögð á rannsóknir tengdar fiskeldi og þjónustu við eldisfyrirtæki í tengslum við ný lög um fiskeldi,“ segir Snorri Gunnarsson, sérfræðingur hjá Akvaplan-niva, en fyrirtækið sem stundar rannsóknir og ráðgjöf er hluti af norsku NIVA-samsteypunni (Norsk Institutt for vannforskning). Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Tromsø í Noregi en íslenska útibúið er til húsa í Akralind 4, Kópavogi. „Um 110 vísindamenn og ráðgjafar starfa hjá Akvaplan-niva en hjá íslenska útibúinu erum við þrír sérfræðingar með doktorsgráðu í fiskeldi og lífvísindum,“ upplýsir Snorri.



Asle Gunariusen, starfsmaður Akvanet-niva í Noregi, við sýnatöku á fiskeldisstöð í Norður-Noregi.

### Rannsóknir og þróunarstarf

Fyrstu árin snerist starfsemi íslenska útibúsins einkum um rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við eldi á sjávarfiskum á borð við lúðu, sandhverfu og þorsk. „Einnig höfum við komið að mörgum verkefnum varðandi framleiðslu á bleikju og undir það síðasta hafa rannsóknir í tengslum við eldi og nýtingu hrognkelsa sem aflúsar lax verið stór hluti af starfsemi rannsóknardeildar okkar. Í Noregi hefur hryggjarstykkið í okkar starfsemi undanfarna áratugi snúist um að aðstoða norskan olíu- og fiskeldisiðnað varðandi hvers kyns umhverfis- og vöktunarþjónustu. Þessa reynslu færum við núna til Íslands og bjóðum íslenskum eldisfyrirtækjum þjónustu í tengslum við staðarúttektir, stöðvarskírteini og umhverfisvöktun.“

### Faggild skoðunarstofa

Snorri telur að ný löggjöf um fiskeldi sem tók gildi í desember í fyrra sé til marks um að stjórnvöld og fyrirtæki í eldisgeiranum vilji gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja örugg-an rekstur. „Gerð er krafa um að óháður þriðji aðili geri úttekt á hverju eldissvæði og skilgreini það umhverfisálag sem kvíar og annar eldisbúnaður þurfi að þola. Allt miðar þetta að því að lágmarka hættu á tjóni og að fiskur sleppi úr eldiskvíum,“ útskýrir hann og bendir á að auk áratuga reynslu þessu sviði byggi Akvaplan-niva á þeirri staðreynd að fyrirtækið hefur alþjóðlega vottun sem faggild skoðunarstofa. „Hin nýju fiskeldislög gera kröfu um aðkomu óháðs þriðja aðila sem staðfestir að í vali á búnaði sé fylgt ströngustu kröfum um styrkleika og er þar vísað til norsks staðals, NS 9415:2009.“

### Umhverfisvöktun

Akvaplan-niva býður einnig upp á umhverfisvöktun í samræmi við norska staðalinn NS 9410, svokallaðar B- og C-úttektir. „Þær miða að því að meta áhrif kvíaeldis á botndýrasamfélög og uppsöfnun á seti undir kvíaþyrpingum eftir því sem eldinu vindur fram. Niðurstöður úr þeim má nýta til þess að meta þörf á mótvægisaðgerðum eins og að hvíla svæði í ákveðinn tíma,“ segir Snorri og telur spennandi tíma fram undan hjá íslenskum fiskeldisframleiðendum. „Við hlökkum til að taka þátt í því að byggja upp iðnað sem byggir á ströngum gæðastöðlum og bestu þekkingu og tækni.“

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# Leiðandi í hátæknibúnaði fyrir fiskeldi

Fyrirtækið Vaki er leiðandi í þróun og framleiðslu á hátæknibúnaði fyrir fiskeldi. Fyrirtækið framleiðir meðal annars fiskiteljara, stærðarmæla, dælur og flokkara en vörur þess eru seldar um allan heim. Vaki er með yfir 20 starfsmenn í dótturfélögum í Noregi, Chile og Skotlandi og 30 starfsmenn vinna með áherslu á vöruþróun, sölu og þjónustu á Íslandi. Fyrirtækið var stofnað árið 1986 og fagnar því 30 ára afmæli um þessar mundir.


Hermann Kristjánsson og Benedikt Hálfdanarson segja að Vaki sé leiðandi fyrirtæki á sínu sviði í öllum heiminum. MYND/GVA

Hermann Kristjánsson, forstjóri Vaka, segir að fyrirtækið hafi byrjað sem lítið sprotafyrirtæki í Háskóla Íslands. „Þetta byrjaði sem verkefni við verkfræðideild HÍ en hefur vaxið upp í að vera fyrirtæki með 50 starfsmenn og starfsemi í fjórum löndum,“ útskýrir Hermann. „Það eru mismunandi áherslur í þessum löndum en höfuðstöðvar eru hér á landi. Öll framleiðsla fyrirtækisins er sömuleiðis hér en við erum með íslenska undirverktaka sem sjá um stærstan hluta framleiðslunnar. Við erum fyrst og fremst útflutningsfyrirtæki, þar sem yfir 90% tekna Vaka koma erlendis frá,“ segir Hermann.

### Háþróaðar lausnir

Benedikt Hálfdanarson framkvæmdastjóri bætir við að vörur fyrirtækisins snúist um lausnir fyrir fiskeldi. „Helstu vörur okkar eru fiskiteljarar af margvíslegum toga og einnig búnaður sem stærðarmælir fiska í sjókvíum. Við notum bæði myndavélatækni, innrautt ljós og myndgreiningarhugbúnað við talningar og stærðarmælingar á bæði smáseiðum og stórum sláturfiski við mismunandi aðstæður, við afhendingar, við flokkun og slátrun hvort sem er á seiðastöðvum eða í brunnbátum. Mælirömmum er komið fyrir í eldiskvíum og innrautt ljós er notað til að skanna þá fiska sem synda í gegnum rammana, þannig fást nákvæmar upplýsingar um meðalþunga fiska í kvíunum, stærðardreifingu þeirra, vöxt og fóðurnýtingu svo eitthvað sé nefnt. Þessar upplýsingar skipta afar miklu máli til að ná fram hagkvæmni í hinu iðnvædda eldi sem við höfum stærstan fókus á. Við þjónustum fiskeldisstöðvar um allan heim sem framleiða margar mismunandi tegundir, en langmest af okkar umsvifum er í laxeldi í Noregi, Skotlandi, Chile, Færeyjum og Kanada,“ upplýsir Benedikt. „Við erum svo einnig með flokkara, fiskidælur, fóðurkerfi og ýmislegt fleira sem tilheyrir fiskeldinu.“

> Við erum leiðandi á heimsvísu innan þessa geira og með afar sterka samkeppnisstöðu með háþróaða tækni fyrir fiskeldi. Við veitum mjög mikilvægar upplýsingar í framleiðslustýringu fiskeldisfyrirtækja.
>
> *Hermann Kristjánsson*

### Breið vörulína

Hermann bætir við að nær öll laxeldisfyrirtæki í heiminum noti tæki frá Vaka. „Starfsmenn okkar vinna í nánu samstarfi við viðskiptavini,“ segir hann og bætir við að fyrirtækið hafi farið ört vaxandi á undanförnum árum. „Þetta byrjaði fyrir þrjátíu árum með eina vöru en núna erum við með breiða vörulínu á þessu sviði. Við erum leiðandi á heimsvísu innan þessa geira og með afar sterka samkeppnisstöðu með háþróaða tækni fyrir fiskeldi. Við veitum mjög mikilvægar upplýsingar í framleiðslustýringu fiskeldisfyrirtækja, en tæki frá okkur eru í notkun í meira en sextíu löndum.“

Hermann segir að dótturfyrirtækin séu mjög góð tenging við fiskeldisstöðvar víða um heim. „Í Noregi, Skotlandi og Chile eru stærstu aðilar í fiskeldi í heiminum. Mikill vöxtur hefur orðið í þessari grein og ég get nefnt að fiskeldi er orðið ein stærsta atvinnugreinin í Noregi. Við hér í Vaka sjáum þessa atvinnugrein vaxa ört og þetta er ákaflega spennandi vettvangur að starfa á. Fiskeldi í heiminum mun eflast mikið á næstu árum. Fiskeldi hér á landi hefur sömuleiðis verið að vaxa mikið og verulega jákvæð uppbygging í gangi og fagmannlega að verki staðið.“

### Vöxtur og velgengni

Benedikt segir að vöxt Vaka og velgengni undanfarin ár megi að miklu leyti þakka afburðagóðu starfsfólki. „Hjá okkur er afar góð blanda af reynsluboltum sem hafa starfað hjá okkur í meira en tuttugu ár og svo ungu vel menntuðu fólki sem kemur með það nýjasta úr háskólunum. Bakgrunnur starfsfólks okkar er mismunandi, en flestir hafa gráður innan verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði, líffræði eða í viðskiptafræðigreinum svo eitthvað sé nefnt.“

Vaki mun auka vöruúrvalið á næstunni til að þjóna greininni sem best. „Við erum stöðugt að þróa nýjar vörur,“ segir Hermann. „Þá erum við að þróa þessa tækni fyrir aðra markaði. Til dæmis er athyglisvert rækjueldi í Asíu og Ameríku sem við höfum hug á að þjónusta og breikka vöruúrval okkar um leið. Einnig erum við með í þróun tæki til að greina lús á laxi sem mun skipta miklu máli,“ segir hann en sannarlega eru spennandi tímar fram undan hjá fyrirtækinu sem hefur dafnað vel á þeim þrjátíu árum sem það hefur starfað.

BIOMASS DAILY
Nákvæmar tölur tryggja betri árangur



Er fiskurinn eins stór og þú heldur?

Biomass Daily er stærðarmælibúnaður sem gefur réttar upplýsingar um meðalþyngd og stærðardreifingu fisks í eldiskvíum.






Arnarlax hefur ráðist í miklar fjárfestingar í kvíum og festingum og ýmsum búnaði auk vinnubáta, fóðurpramma, fjárfestinga í vinnslulínu og öðrum búnaði. Strangar reglur gilda um fiskeldi og segir Víkingur að hjá Arnarlaxi sé lögð mikil áhersla á að farið sé eftir þeim. MYNDIR/ARNARLAX

# Mikil uppbygging og björt framtíð

Arnarlax er stærsta fiskeldisfyrirtæki landsins og er einn stærsti atvinnuveitandi á Vestfjörðum. Tilkoma fyrirtækisins hefur breytt miklu fyrir íbúa svæðisins og hyggur Arnarlax á opnun starfsstöðva á fleiri stöðum á landinu. Mikil áhersla er lögð á gæðakerfi og vottanir.

Arnarlax hf. er laxeldisfyrirtæki á Bíldudal við Arnarfjörð. Undirbúningur að stofnun fyrirtækisins hófst árið 2007 en þá velti hópur af Bíldælingum því fyrir sér hvað væri hægt að gera fyrir bæ sem væri farið að hnigna mikið. „Við vissum af gömlum Bílddælingi í Noregi, Matthíasi Garðarssyni, sem hafði stundað laxeldi þar í mörg ár. Við höfðum samband við hann enda mikilvægt að fá aðila með mikla reynslu og þekkingu inn í fyrirtækið strax í upphafi. Þá kom í ljós að hann hafði verið í sömu hugleiðingum og í framhaldinu fóru menn að velta fyrir sér og kanna aðstæður til fiskeldis. Þegar þeim rannsóknum var lokið var farið að vinna í leyfismálum og fyrirtækið Arnarlax var stofnað árið 2010. Það tók góðan tíma að fá öll leyfi en þegar við kláruðum það árið 2012 var farið af stað af fullum krafti í að byggja upp fyrirtækið,“ útskýrir Víkingur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax. Frumkvöðlar og áhugamenn lögðu því grunninn að fyrirtækinu og inn í það komu öflugir innlendir og erlendir fjárfestar frá Noregi og Danmörku. Í byrjun var Víkingur eini starfsmaður þess en nú þremur árum síðar eru starfsmennirnir orðnir hundrað og allir í heilsársstörfum. „Við hjá Arnarlaxi höfum því byggt upp öflugt og fjárhagslega sterkt fyrirtæki með getu til áframhaldandi vaxtar.“

### Uppbygging eftir ströngustu stöðlum

Arnarlax hefur ráðist í miklar fjárfestingar í kvíum og festingum og ýmsum búnaði auk vinnubáta, fóðurpramma, fjárfestinga í vinnslulínu og fleiru. Strangar reglur gilda um fiskeldi og segir Víkingur að hjá Arnarlaxi sé lögð mikil áhersla á að farið sé eftir þeim og framleitt eftir bestu mögulegu ferlum. „Við erum með vottaðar kvíar, höfum skýrt eftirlitsplan og viðbragðsáætlun og strangt gæðakerfi og -eftirlit. Arnarlax er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í innleiðingu á öruggustu og bestu mögulegu framleiðsluaðferðum,“ segir hann og bætir við að unnið sé samkvæmt ströngustu stöðlum í eldinu. Sem dæmi um það þá er Arnarlax með tvo gæðastjóra sem fylgja eftir verkferlum á sjó og í landi. „Við erum með stöðuga vöktun á kvíunum og sem hluta af eftirlitskerfinu þá fáum við sérfræðinga til að yfirfara kvíarnar. Til viðbótar þá hugum við að umhverfisþáttum og hvílum svæði á milli kynslóða,“ útskýrir Víkingur frekar.



Víkingur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax. MYND/ANTON BRINK

### Sjá um allt ferlið

„Arnarlax er hefðbundið laxeldisfyrirtæki að því leyti að fyrirtækið sér um alla þætti ferlisins. Allt frá því að klekja út hrognum að því að selja fullunnar afurðir á markaði. Við kaupum hrognin, klekjum þeim út sjálfir, búum til seiði í landstöðvum sem við svo setjum út í sjó. Þar er fiskurinn alinn upp í sláturstærð, þá er hann sóttur og tekinn lifandi í land. Honum er svo slátrað og pakkað ferskum. Síðan eru afurðirnar fluttar ferskar út á markað en Arnarlax selur framleiðslu sína einkum á mörkuðum í Evrópu og Norður-Ameríku.“

### Eftirsótt gæðavara

Víkingur segir íslenskan lax vera mjög eftirsótta vöru á ströngustu mörkuðunum sem hafi þá sérstöðu að vera framleiddur í hreinu landi þar sem ekki eru notuð lyf né fóður með litarefnum. „Það er forskotið sem við höfum á önnur fyrirtæki og það eru mikil sóknarfæri í þessu. Varan okkar er vottuð sem umhverfisvæn vara og það er vakning í því. Þess vegna er varan okkar eftirsótt, það eru ekki allir sem geta framleitt vöru með þennan stimpil og þetta gerir okkur mögulegt að fá hærra söluverð til dæmis með sölusamningum við Whole Foods í Bandaríkjunum,“ segir Víkingur.

### Mikil áhrif á byggðarlagið

Tilkoma og vöxtur fyrirtækisins hefur haft mikil áhrif á sunnanverðum Vestfjörðum. „Áhrif sem uppbygging svona fyrirtækis getur haft á lítið samfélag úti á





Fyrirtækið hefur leyfi til framleiðslu á 14.500 tonnum af laxi og rekur eigin vinnslustöð í landi með árlega framleiðslugetu upp á tíu þúsund tonn.


Fiskurinn er alinn upp í sláturstærð í kvíum, þá er hann sóttur og tekinn lifandi í land. Honum er svo slátrað og pakkað ferskum.

**Við sjáum ungt fólk koma og vinna hjá okkur og nú er svo komið að ekki er pláss fyrir fleiri börn á leikskólanum á Bíldudal og barnaskólinn er að verða of lítill. Þetta er mjög sterkt fyrir samfélagið og mikil breyting þar sem áður sáust varla börn hér úti að leika sér á daginn.**

*Víkingur Gunnarsson*



Arnarlax er hefðbundið laxeldisfyrirtæki að því leyti að fyrirtækið sér um alla þætti ferlisins. Allt frá því að klekja út hrognum að því að selja fullunnar afurðir á markaði.


Arnarlax er með stöðuga vöktun á kvíunum og sérfræðingar yfirfara kvíarnar.

landi eru gríðarleg. Sveitarfélagið hefur notið góðs af því að allflestir starfsmenn hafa fasta búsetu í sveitarfélaginu og nú er svo komið að það er áskorun að tryggja að nægt íbúðarhúsnæði sé til staðar fyrir starfsmenn Arnarlax. Arnarlax er einn stærsti atvinnuveitandi á Vestfjörðum og allt stjórnendateymi fyrirtækisins er búsett á Bíldudal þar sem höfuðstöðvar Arnarlax eru. Ef við skoðum Bíldudal sérstaklega þá var búin að vera mikil fækkun þar og lítil tækifæri fyrir til dæmis konur að fá störf. Yfir fjórðungur starfsmanna fyrirtækisins eru konur og erum við afskaplega stolt af því því þetta hefur verið talinn karlaatvinnuvegur,“ segir Víkingur.

Starfsmenn Arnarlax eru með mismunandi bakgrunn og menntun, menntun í fiskeldi, tæknimenntun, háskólamenntun og fleira. „Fólk, og konur sérstaklega, hefur séð tækifæri til að koma inn í þessa grein, hefur flutt hingað og tekur þátt í uppbyggingunni. Þetta er þáttur sem er afskaplega jákvæður. Við sjáum ungt fólk koma og vinna hjá okkur og nú er svo komið að ekki er pláss fyrir fleiri börn á leikskólanum á Bíldudal og barnaskólinn er að verða of lítill. Þetta er mjög sterkt fyrir samfélagið og mikil breyting þar sem áður sáust varla börn hér úti að leika sér á daginn.“

Arnarlax er samfélagslega þenkjandi fyrirtæki og hefur átt þátt í því að setja í gang strætóferðir á svæðinu til að auðvelda samgang á milli sveitarfélaganna. „Þetta er líka mjög mikilvægt fyrir fyrirtæki eins og okkar því þegar við auglýsum störf sjá mögulegir umsækjendur að þeir og börnin þeirra hafi aðgang að íþróttafélögum og blómlegu félagslífi, þetta skiptir allt máli í heildarmyndinni,“ segir Víkingur. Önnur bein áhrif fyrirtækis eins og Arnarlax eru meðal annars þau að verulegar upphæðir eru greiddar beint til sveitarfélagsins til dæmis í formi hafnar- og aflagjalda.

### Full ástæða til bjartsýni

Arnarlax hefur leyfi til framleiðslu á 14.500 tonnum af laxi og rekur eigin vinnslustöð í landi með árlega framleiðslugetu upp á tíu þúsund tonn. Framtíðarsýn fyrirtækisins er að það verði áframhaldandi vöxtur og aukning á leyfum og að starfsstöðvar verði víðar um land. „Arnarlax yfirtók Fjarðalax nú í sumar og sú sameining hefur gengið afskaplega vel. Sameiginlegt fyrirtæki framleiðir um sjö þúsund tonn á þessu ári með stækkun upp í tíu þúsund á næsta ári. Við erum því þegar komnir vel á veg með uppbygginguna á suðursvæði Vestfjarða sem er Arnarfjörður, Patreksfjörður og Tálknafjörður. Við erum einnig komnir í gang með framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum og þar er komið í gang umhverfismat. Gert er ráð fyrir að starfsemi geti hafist í Ísafjarðardjúpi árið 2018.“

Þegar hefur verið sótt um ný framleiðsluleyfi í Eyjafirði. „Eyjafjörður og Vestfirðir eru opin svæði í fiskeldi en stór hluti landsins er lokaður til fiskeldis til að vernda villta fiskistofna. Það eru ákveðin svæði þar sem er heimilt að hafa eldi í sjó og er framleiðslan byggð upp eftir því hvernig burðarþol á hverju svæði er metið af vísindafólki. Við viljum gera þetta í sátt við náttúruna og viljum því ekki fara yfir burðarþolið. Í stað þess að keyra upp framleiðsluna á einum stað er starfssvæðum því frekar fjölgað. Þetta eru allt saman stórir og öflugir firðir sem við erum að líta til og því eru tækifæri til að byggja upp alvöru iðnað eins og við höfum gert hér á suðurfjörðunum,“ segir Víkingur.

# Aukin umsvif flutningafyrirtækja

Nálægð fengsælla fiskimiða og eldisstöðva við alþjóðalegan flugvöll skapar forskot fyrir íslensk fiskeldisfyrirtæki. Starfsmenn íslenskra flutningafyrirtækja reyna að fylgjast vel með og eiga gott samstarf við aðila í greininni.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Aukið fiskeldi hefur skapað talsverða eftirspurn hjá flutningafyrirtækjum hérlendis undanfarin ár og er Icelandair Cargo engin undantekning. Starfsmenn fyrirtækisins reyna að fylgjast vel með og eiga gott samstarf við aðila á þessum markaði um framtíðarplön og hvernig þeir geti sem best mætt þörfum þeirra að sögn Mikaels Tals Grétarssonar, forstöðumanns útflutnings hjá félaginu. „Útflutningur á ferskum fiski hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að bleikjan hefur vaxið nokkuð rólega en stöðugt í mörg ár og laxinn hefur komið inn af miklum krafti undanfarið. Svo hafa aðrar tegundir, svo sem regnbogasilungur og flúran, einnig haft einhver áhrif. Þessi markaður er samt enn í talsverðri gerjun og þróun og er að mótast.“

Hann segir þó vöxtinn ekki hafa verið það mikinn að félagið hafi þurft að grípa til mikilla fjárfestinga. „Mikill vöxtur ferðaþjónustunnar hefur hjálpað til við að byggja undir þá flutningsgetu sem þarf til að svara flutningsþörfum eldisfyrirtækjanna. Í dag rekum við tvær Boeing 757-200 fraktvélar sem hafa nýst vel til vöruflutninga til og frá landinu og rekstur þeirra hefur verið nokkuð stöðugur.“

### Hraðinn lykilatriði

Vöxturinn undanfarin ár hefur hins vegar að stórum hluta verið í nýtingu á leiðakerfi Icelandair þar sem Icelandair Cargo sér um nýtingu á flutningsplássi í lestum farþegavéla. „Þar hefur verið mikill vöxtur, jafnt í fjölda ferða, fjölgun áfangastaða og svo nýlega stærri og burðarmeiri vélakosti. Síðastliðinn vetur tók Icelandair í notkun tvær Boeing 767-300 farþegavélar og hver slík vél getur borið allt að 16 tonn af sjávarafurðum á Evrópuleiðum, sem er svipað magn og burður minni fraktvéla. Í vetur er gert ráð fyrir að tvær Boeing 767-300 vélar til viðbótar verði teknar inn í leiðakerfið sem mun skapa enn frekari tækifæri í flutningi og sölu á ferskum sjávarafurðum. Þessu til viðbótar hefur floti Boeing 757-200 farþegavéla stækkað umtalsvert og burðargeta slíkra véla er allt að 4-8 tonn í hverri ferð.“ Fyrir vikið hafa mörg tækifæri myndast í opnun markaða fyrir ferskar sjávarafurðir sem áður voru ekki endilega aðgengilegar fyrir útflytjendur að sögn Mikaels.

Þegar ferskur fiskur er fluttur út milli landa leggja flutningafyrirtækin eðlilega mjög mikla áherslu á áreiðanleika enda er þeim treyst fyrir mjög verðmætri vöru að sögn Mikaels. „Hraðinn og kælikeðjan í ferskvöruflutningum eru lykilatriði og við leggjum mikla áherslu á að tryggja að þessir tveir þættir séu eins góðir og nokkur kostur verður á. Lykilatriðið er alltaf að koma vörunni til kaupenda á örfáum klukkustundum.“

### Mikill ferskleiki

Í dag flytur fyrirtækið ferskan fisk til flestra staða í leiðakerfi sínu, þó í mismiklum mæli. „Einnig erum við í samstarfi við önnur flugfélög og flutningafyrirtæki og bjóðum upp á lausnir á flesta staði á jarðarkringlunni. Stærsti markaðurinn í dag er austurströnd Bandaríkjanna. Þar á eftir kemur meginland Evrópu og Bretlandseyjar. Ýmsir nýir markaðir eru í vexti, eins og til Kanada sem hefur vaxið mjög sannfærandi undanfarin ár og einnig mætti nefna Mið-Austurlönd og Austurlönd fjær þar sem við teljum að geti verið mikil tækifæri til framtíðar fyrir íslenskar hágæðaafurðir.“

Flutningar á og frá fámennri eyju á stormasömum afskekktum stað í Norður-Atlantshafi geta oft reynst krefjandi. „Vegakerfi okkar er stundum vanbúið undir svo mikla ferskfiskflutninga, þar sem áreiðanleiki og afhendingaröryggi eru algjört lykilatriði. Flugsamgöngur héðan eru þó mjög góðar miðað við íbúatölu og landfræðilega staðsetningu.“

Forskot Íslendinga liggi fyrst og fremst í þeim mikla ferskleika sem við getum boðið upp á með alþjóðaflugvöll rétt við fengsæl fiskimið og eldisstöðvar. „Sem dæmi trukka Norðmenn megninu af eldisafurðum sínum niður á hina ýmsu staði á meginlandinu og á Bretlandseyjum til að tryggja sér þá afkastagetu í flugfrakt sem þeir þurfa til fjarlægari markaða.“



„Hraðinn og kælikeðjan í ferskvöruflutningum eru lykilatriði og við leggjum mikla áherslu á tryggja að þessir tveir þættir séu eins góðir og nokkur kostur verður á,“ segir Mikael Tal Grétarsson, forstöðumaður útflutnings hjá Icelandair Cargo. MYND/GVA





**Framleiðsla Eldislausna:**
Loftarar - Endurnýtingarloftarar
Súrefniskútar - Iðnstýringar - Forritun og hönnun

**Við erum með:**
Alla almenna pípulagninga- og raflagnaþjónustu, dæluviðgerðir og ráðgjöf fyrir fiskeldið.

**Við flytjum inn:**
Hreinsitromlur - Ljós, dælur, eldisker,

**Annað:**
Önnumst flestar uppsetningar og viðhald fyrir fiskeldið.

f.el.som. BGB Marine Underwater Light & Vision rovatti pompe

Eldislausnir
www.eldi.is | eldi@eldi.is

Markmið okkar er að hámarka nýtni og auka sparnað í rekstri

stapaprent




Endurnýtingarloftari og súrefniskútar.



Nýju kerin á Gileyri.

# Hámarka rekstraröryggi, nýtni og sparnað

Fyrirtækið Eldislausnir býður upp á fjölbreytta þjónustu við fiskeldisfyrirtæki. Má þar nefna ráðgjöf, nýsmíði, viðgerðir, iðnstýringar, forritun og hönnun auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir ýmsan búnað sem nýtist í fiskeldið.

Mikill uppgangur hefur verið hjá fyrirtækinu Eldislausnum frá því það tók til starfa árið 2013. „Starfsmenn okkar hafa nú þegar sett upp fjögur 75 rúmmetra ker á Gileyri á Tálknafirði og eru að reisa átta til viðbótar, fjögur 75 rúmmetra og fjögur 230 rúmmetra, einnig erum við að byggja upp og endurnýja seiðaeldisstöðvar á Bakka og Fiskalóni fyrir Laxa Fiskeldi“ segir Gunnlaugur Hólm, framkvæmdastjóri Eldislausna.

Fyrirtækið sinnir fjölbreyttri þjónustu við fiskeldisfyrirtæki. „Við sinnum ráðgjöf, önnumst uppsetningu og tengingu á öllum búnaði í fiskeldi, sjáum um alla pípu- og raflagnaþjónustu, dæluviðgerðir, iðnstýringar, forritun og hönnun,“ upplýsir Gunnlaugur og bætir við að fyrirtækið hafi einnig umboð fyrir Rovatti og Felsom dælur, hreinsitromlur, ljós í kvíar og LED ljós í landeldi.

### Lækka rekstrarkostnað

„Markmið Eldislausna er að lækka rekstrarkostnað fyrirtækja sem stunda fiskeldi, en þar má nefna kostnað við fóður, súrefnis- og rafmagnskostnað. Við höfum unnið náið með starfsmönnum fiskeldisstöðva hér á landi við að ná þessu markmiði,“ segir Gunnlaugur.

Fyrirtækið framleiðir og sérsmíðar loftara, endurnýtingarloftara, súrefniskúta, súrefnisstýringar, fóður- og dælustýringar, ljósastýringar og fleira. „Allt er þetta sérsniðið að þörfum hvers og eins og þannig næst það markmið okkar að hámarka nýtni og auka sparnað í rekstri okkar viðskiptavina.“

### Gott upplýsingaflæði

Gunnlaugur segir Eldislausnir leggja mikið upp úr því að upplýsingaflæði til notenda kerfa Eldislausna sé gott. „Auðvelt er að fylgjast með öllu ferlinu hvar sem er af netinu og einnig leggjum við áherslu á að aðvaranir berist til notenda kerfanna ef eitthvað fer úrskeiðis.“

Eldislausnir flytja inn allar þær dælur sem notaðar eru í þann búnað sem smíðaður er hjá fyrirtækinu og einnig hefur fyrirtækið hafið innflutning á borholudælum. „Við flytjum einnig inn LED ljós, þrýstinema, flæðimæla, hreinsitromlur, súrefnistæki og ker.“

### Byggðir blómstra

Gunnlaugur segir afar ánægjulegt að sjá hvaða áhrif fiskeldið hefur haft á bæina á sunnanverðum Vestfjörðum. „Við höfum séð ótrúlegar breytingar á síðustu tveimur árum. Byggðin blómstrar og bæjarfélögin á Patreksfirði, Tálknafirði og ekki síst Bíldudal hafa gerbreyst. Hingað er fólk að flytja og við finnum fyrir meira lífi og meiri jákvæðni.“

**Nánari upplýsingar um Eldislausnir má finna á www.eldi.is**

# Fjarðanet: Löng og farsæl reynsla í þjónustu við fiskeldisfyrirtæki

Fjarðanet, Vonin í Færeyjum og Hampiðjan hafa hafið samstarf í þjónustu við fiskeldi á Íslandi. Búist er við að farsælt samstarf þessara þriggja fyrirtækja muni stuðla að áframhaldandi uppbyggingu í þjónustu við fiskeldi. Þjónustan er byggð upp að norskri fyrirmynd.



Fjarðanet var fyrsta sérhæfða fyrirtækið í þjónustu við fiskeldi á Íslandi og hefur starfrækt víðtæka þjónustu við íslensk fiskeldisfyrirtæki.

Fjarðanet hefur þjónustað íslenskt fiskeldi síðan laxeldi hófst í Mjóafirði árið 2002. Byggð var þvottastöð fyrir fiskeldispoka á Reyðarfirði árið 2003 og var Fjarðanet því fyrsta sérhæfða fyrirtækið í þjónustu við fiskeldi á Íslandi og hefur síðan starfrækt víðtæka þjónustu við íslensk fiskeldisfyrirtæki með framleiðslu og sölu á fiskeldispokum, kastnótum, fuglanetum og festingum fyrir kvíar.

„Við framleiddum á netaverkstæði okkar í Neskaupstað nær alla netpoka sem Sæsilfur notaði í fiskeldi sínu í Mjóafirði og höfum einnig í gegnum árin framleitt poka fyrir íslensk fiskeldisfyrirtæki bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum og bæði fyrir lax- og þorskeldi," segir Jón Einar Marteinsson, framkvæmdastjóri Fjarðanets, en Fjarðanet framleiðir einnig annan búnað eins og kastnætur, fuglanet og fleira. Fjarðanet hefur því langa reynslu af þjónustu við fiskeldi.

### Horft til Noregs

„Þegar við byrjuðum á þessari starfsemi byggðum við okkar þjónustu upp eftir norskri fyrirmynd og sendum starfsfólk okkar í þjálfun til Noregs. Það var þá eins og núna, mikið horft til Noregs og hvernig eldið og búnaðurinn var í Noregi. Við vorum því ekki að reyna að finna upp hjólið sjálfir heldur byggðum á þeirri reynslu sem var til og reyndist vel og það líkaði viðskiptavinum okkar vel."

Á þeim tíma framleiddi Fjarðanet alla poka á verkstæði sínu í Neskaupstað og höfum við í gegnum árin framleitt nokkur hundruð fiskeldispoka. „En þetta hefur breyst og síðustu árin hafa pokar verið framleiddir í löndum þar sem framleiðslukostnaður er lægri og byggist það fyrst og fremst á vinnulaunum. Við framleiðum því ekki poka í dag á verkstæði okkar, heldur seljum tilbúna poka. En við framleiðum annan búnað, eins og kastnætur og fuglanet," segir Jón Einar.

### Uppgangur á Vestfjörðum

Laxeldið minnkaði mikið á Austfjörðum þegar Sæsilfur hætti laxeldi í Mjóafirði, en allan tímann hefur verið laxeldi í Berufirði. En síðan hófst uppbygging á Vestfjörðum og Fjarðanet hefur tekið þátt í því með þjónustu við fiskeldisfyrirtæki á Vestfjörðum. „Þó fiskeldi legðist af í Mjóafirði, höfum við allan tímann rekið þvottastöðina á Reyðarfirði og höfum síðustu árin þvegið og yfirfarið poka fyrir fiskeldisfyrirtækin á Vestfjörðum."

### Samstarf við Vonin í Færeyjum

Til að geta þjónustað fiskeldið enn betur hefur Fjarðanet nú hafið samstarf við Vonin í Færeyjum. „Vonin hefur langa reynslu af sölu og þjónustu við fiskeldi, bæði í Færeyjum, Noregi og öðrum löndum. Í Noregi er það Vonin Refa sem er með starfsemi í Norður-Noregi," útskýrir Jón Einar en Vonin er nú hluti af Hampiðjan Group eins og Fjarðanet og Jón Einar segir nærtækt að þessi fyrirtæki vinni saman. Áframhaldandi uppbygging í þjónustu við fiskeldi á Íslandi verður því í samstarfi þessara þriggja fyrirtækja, Fjarðanets, Vonin og Hampiðjunnar. Fram undan er frekari uppbygging á fiskeldi á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fjarðanet er með starfsstöðvar á Ísafirði og í Neskaupstað og verður fiskeldisþjónusta fyrirtækisins byggð upp út frá þessum tveimur stöðum.

### Búnaður fyrir krefjandi aðstæður

Jón Einar segir mikla möguleika felast í samstarfi þessara fyrirtækja. „Saman munum við byggja upp öfluga þjónustu við íslenskt fiskeldi. Það er mikilvægt að vera í samstarfi við fyrirtæki eins og Vonin, sem hefur langa reynslu á þessu sviði og er þekkt fyrir gæði í sínum vörum," segir hann. Hann bendir á að vörur frá Vonin séu notaðar við krefjandi aðstæður og hafi reynst vel. „Í Færeyjum eru mjög krefjandi aðstæður og getur bæði vindstyrkur og ölduhæð verið mikil. Aðstæður í Færeyjum eru á margan hátt trúlega meira krefjandi en á Íslandi og búnaður frá Vonin ætti því að reynast vel á Íslandi," segir Jón Einar. Þá hafi Vonin Refa reynslu af þjónustu við fiskeldisfyrirtæki í Norður-Noregi þar sem aðstæður séu einnig krefjandi. „Það er því gott að geta boðið íslenskum fiskeldisfyrirtækjum búnað sem notaður er við erfiðar aðstæður og stenst allar ýtrustu kröfur."

> **Saman munum við byggja upp öfluga þjónustu við íslenskt fiskeldi. Það er mikilvægt að vera í samstarfi við fyrirtæki eins og Vonin, sem hefur langa reynslu á þessu sviði og er þekkt fyrir gæði á sínum vörum.**



*Jón Einar Marteinsson*

Jón Einar segir Vonin framleiða og selja allan búnað til fiskeldis. Þeir framleiði netpoka á netaverkstæði sínu í Litháen og þeir framleiði festingar fyrir kvíar og selji sínar kvíar sem þeir hafi þróað í samstarfi við færeysk fiskeldisfyrirtæki.

### Miklar kröfur

Miklar kröfur eru gerðar til bæði búnaðar og þjónustu sem seld er til fiskeldisfyrirtækja að sögn Jóns Einars. „Á Íslandi hefur verið ákveðið taka upp norska fiskeldisstaðalinn NS-9415. Það þýðir að öll fyrirtæki sem annaðhvort selja vörur eða veita þjónustu (eins og þvott og yfirferð á pokum) þurfa að fylgja þessum staðli og þurfa að vera vottuð samkvæmt staðlinum. Það felur í sér ýmsar kröfur eins og vottanir og rekjanleika á vörum, búnaði og þjónustu. Það er því mikill fengur fyrir okkur að vera í samstarfi við fyrirtæki eins og Vonin," segir hann og bætir við að allar vörur og þjónusta sem Vonin veitir fiskeldisfyrirtækjum séu vottuð samkvæmt staðlinum.

„Fjarðanet mun eins og önnur fyrirtæki sem þjónusta fiskeldi þurfa að standast þessar kröfur og munum við í samstarfi við Vonin tryggja að öll okkar þjónusta og sala á Íslandi verði samkvæmt staðlinum. Þetta eru víðamiklar kröfur og mun slíkt taka einhvern tíma, en það er markmiðið, enda gætum við ekki þjónustað fiskeldisfyrirtækin ef við uppfyllum ekki þessar kröfur."

### Góð reynsla

Vonin hefur selt vörur til íslenskra fiskeldisfyrirtækja og íslensku fiskeldisfyrirtækin þekkja því vel þessar vörur. „Með samstarfi Fjarðanets, Vonin og Hampiðjunnar aukast möguleikarnir og saman geta þessi þrjú fyrirtæki veitt mjög öfluga þjónustu," segir Jón Einar.

### Fjölbreytt þjónusta Fjarðanets

Fjarðanet starfrækir víðtæka þjónustu við sjávarútveg og fiskeldi með rekstri á þremur netaverkstæðum með alhliða veiðarfæraþjónustu á þremur stöðum í kringum landið; Ísafirði, Akureyri og Neskaupstað. Í Neskaupstað og á Ísafirði starfrækir Fjarðanet skoðunarstöðvar fyrir gúmmíbjörgunarbáta. Fjarðanet rekur einnig víðtæka þjónustu við sveitarfélög, verktaka og aðra framkvæmdaaðila með sölu á hífibúnaði og tengdum vörum. Á næsta ári mun Fjarðanet ráðast í byggingu á nýju netaverkstæði í Neskaupstað og mun það þýða mikla byltingu fyrir starfsemi og þjónustu Fjarðanets og Hampiðjunnar í Neskaupstað og á Austurlandi.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist næsta vor og verði lokið fyrir lok árs. Það eru því spennandi tímar fram undan hjá Fjarðaneti og samstarfsaðilum á næstu árum.

Alhliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

- Þvottastöð
- Fiskeldispokar
- Kastnætur
- Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími:4700 800 Fax:4700 801
FJARÐANET
Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is fjardanet@fjardanet.is Fjarðanet er aðili að Hampidjan Group

# Nýtt nám í fiskeldi hefst í janúar

**Fisktækniskóli Íslands** í Grindavík býður nú í fyrsta skipti upp á sérhæft nám í fiskeldi. Ólafur Jón Arnbjörnsson skólastjóri segir að mikil eftirspurn sé eftir náminu sem hefst eftir næstu áramót. Yfir 100 nemendur stunda nú nám í fisktækni á Íslandi á grundvelli námskrár Fisktækniskóla Íslands auk 22 nemenda sem stunda sérhæft framhaldsnám fyrir Marel-vinnslutækna svo og nám í gæðastjórn.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Ólafur Jón segir að þörf atvinnulífsins sé mikil fyrir þjálfað vinnuafl. „Með tilkomu sérhæfðs náms í fiskeldi bætist vonandi enn ein mikilvæg stoð undir starfstengda menntun á sviði grunnatvinnuvega þjóðarinnar. Námið er eins árs sérhæft starfsnám sem nemendur taka að loknu tveggja ára grunnnámi í fisktækni eða að loknu raunfærnimati. Raunfærnimat er einkum fyrir þá sem starfað hafa um lengri tíma í greininni og hafa forsendur til að fara beint inn í námið,“ útskýrir Ólafur.

„Grunnnám fisktækna er almenns eðlis og þar fá nemendur tækifæri til að kynnast bæði veiðum, vinnslu og fiskeldi, en á þessu þriðja ári er sérhæfing og því er eingöngu tekið mið af starfi í fiskeldi. Námsbrautin var byggð á þarfagreiningu sem unnin var í samstarfi Fisktækniskólans, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og fyrirtækja í fiskeldi á síðasta ári. Á þeim grunni var síðan myndaður starfshópur fulltrúa samtaka fiskeldisstöðva, Háskólans á Hólum og fleiri tengdra aðila sem ásamt okkur unnu að gerð námskrár og áfangalýsinga.

Námið er afar hagnýtt. Það tekur bæði til land- og sjókvíaeldis og höfðar einkum til ófaglærðra starfsmanna. Við leggjum áherslu á einstaklingsbundið nám og tengjum námið því starfssviði innan greinarinnar. Til að mæta þörfum hvers og eins og gera námið markvissara er hámarksfjöldi nemenda sem við tökum inn í hóp miðaður við tólf.

Eftirspurn hefur verið eftir náminu bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum enda atvinnumöguleikar mjög góðir í þessari ört vaxandi atvinnugrein – ekki bara hér á Íslandi heldur einnig erlendis. Við stefnum á að hefja kennslu fyrsta hópsins í byrjun janúar á næsta ári og nú þegar hafa borist sex umsóknir – og það áður en farið er að auglýsa námið. Það er ánægjulegt að segja að það er jöfn kynjaskipting í umsóknum sem komnar eru.

Fisktækniskólinn hefur um árabil unnið náið með norskum fisktækniskólum á sviði fiskeldis og sótt þangað ómetanlega þekkingu og reynslu. Námið hefur síðan verið útfært á grundvelli þess góða samstarfs sem náðst hefur við Háskólann á Hólum sem ásamt okkur sér um kennslu á brautinni. Umsjón hefur Klemenz Sæmundsson, matvæla- og næringarfræðingur.“

**Þeir sem vilja afla sér frekari upplýsinga geta sent póst á klemenz@fiskt.is.**



**Ólafur Jón Arnbjörnsson skólastjóri segir mikla eftirspurn í atvinnulífinu eftir þjálfuðu starfsfólki.**




**Hægt er að velja um nokkrar brautir hjá Fisktækniskólanum og hægt að kynna sér þær á heimasíðunni fiskt.is.**







Heildstæð þjónusta fyrir
SJÁVARÚTVEGINN

- Áætlanagerð og undirbúningur fjárfestinga
- Hönnun mannvirkja
- Mat á umhverfisáhrifum
- Starfsleyfisumsóknir
- Eftirlit með framkvæmdum
- Rekstrarþjónusta

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | 422 8000 | verkis@verkis.is




Fóðurverksmiðjan Laxá hf. sérhæfir sig í framleiðslu á náttúrulegu fiskafóðri fyrir:

Bleikju
Lax
Regnbogasilung
Þorsk



Fóðurverksmiðjan Laxá hf. - Krossanes - 603 Akureyri
Sími: 460 7200 - laxa@laxa.is - www.laxa.is




Stórsýning ársins

# Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

## 28. – 30. september 2016

**Fjöldi íslenskra og erlendra fyrirtækja sýna allt það nýjasta í tækjum og þjónustu við sjávarútveginn.**

**Sýningin er opin:**

**Miðvikudag:** 28. sept. 15.00-19.00

**Fimmtudag:** 29. sept. 10.00-18.00

**Föstudag:** 30. sept. 10.00-18.00

Allar nánari upplýsingar á **www.icelandfishexpo.is**

**ICELAND FISHING EXPO 2016**

**Sjávarútvegur 2016**

# SKEMMTILEGUR TÍMI FRAM UNDAN

Haustið er skemmtilegur tími fyrir karlmenn þegar kemur að tískunni en þá fyllast fataverslanir landsins af nýjum fötum. Fréttablaðið bað fjóra tískusérfræðinga um álit á karltískunni í vetur. Meðal þess sem verður áberandi í vetur að mati þeirra eru jarðlitir, hettupeysur og rúllukragar.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



## Sólveig Grétarsdóttir,

rekstrarstjóri hjá verslun Guðsteins.



**Hvað einkennir karlmannatískuna í vetur?** Ég myndi segja að í vetur verði það hlýir litir, djúpir tónar af búrgúndí, dökkbláum, flöskugrænum og dökkum brúnum litum, í bland við grátt sem enn heldur sterkri stöðu ásamt svarta litnum. Vestin undir jakka halda áfram að vera vinsæl, mikið verður um góðar ullarpeysur og aftur erum við farin að sjá þrönga rúllukragaboli undir skyrtum og jökkum, n.k. afturhvarf til níunda áratugarins.

**Er eitthvað sérstakt sem mun standa upp úr í vetur?** Áberandi í vetur verða mynstur við mynstur, t.d. mynstur í jakka og einnig mynstur í skyrtunni undir. Það er gaman að þeim og þau lífga upp á fataskápinn okkar. Köflóttir stakir jakkar verða vinsælir þar sem blái liturinn verður vinsæll ásamt brúnum og gráum tónum. Allir fylgihlutir eru áberandi, t.d. hattar og sixpensarar ásamt skrautlegum vasaklút í jakkavasann.

**Hvaða íslenskri hönnun ertu spenntust fyrir þegar kemur að karltísku?** Ég hef alltaf verið hrifin af góðum og fallegum herrayfirhöfnum og peysum sem henta fyrir íslenska veðrið með áhrifum frá íslenskri náttúru. Það verður spennandi að sjá hvað kemur frá hönnuðum landsins núna.

**Hvaða flík áttu eftir að nota mest í vetur?** Grænu síðu ullarpeysuna mína frá & Other Stories sem ég keypti nýlega í London ásamt nýju gráu Herringbone-náttfötunum frá Wolsey. Þeir eru snillingar í herranáttfötum og ég veit ekkert betra en að vera í kósí náttfötum heima á vetrarkvöldum.

## Arnar Gauti Sverrisson,

lífsstílsbloggari og listrænn stjórnandi.



**Hvað einkennir karlmannatískuna í vetur?** Þegar haustið kemur í verslanir er það alltaf skemmtilegasti tími okkar karlmanna þegar kemur að tísku. Þá fáum við þessar flottu yfirhafnir og þykku peysurnar þar sem haustið á til að hellast yfir okkur á Íslandi fyrr en í öðrum löndum.

**Er eitthvað sérstakt sem mun standa upp úr í vetur?** Það sem margir hönnuðir voru að sýna fyrir haustið voru „duffel coats“ í alls konar útfærslum sem var skemmtilegt. Fyrir utan þessa klassísku liti sem við erum vanir og fylgja alltaf haustinu, t.d. navy, svart og grátt, voru margir hönnuðir að sýna koparlit í fatnaði sem mætti segja að væri bland af orange og brúnum.

**Hvaða íslenskri hönnun ertu spenntastur fyrir þegar kemur að karltísku?** Ég verð að segja að JÖR og línan sem Kormákur & Skjöldur framleiða undir eigin merkjum sé án efa það sem heillar mig mest á Íslandi.

**Hvaða flík áttu eftir að nota mest í vetur?** Ég er með ótrúlegt blæti fyrir Barbour og geri ráð fyrir að eignast fleiri flotta jakka frá þeim. Svo langar mig ótrúlega mikið í Hunter-stígvél, fyrir sjálfan mig og börnin mín tvö, þau París og Kiljan Gauta, til að nota í rigningunni og snjónum í haust og vetur.

## Hermann Hauksson,

starfsmaður hjá Hugo Boss í Kringlunni.



**Hvað einkennir karlmannatískuna í vetur?** Jarðlitir verða áberandi í vetur hjá karlmönnum. Rúllukragapeysur undir blazer-jakka verða vinsælar og jafnvel líka við jakkaföt. Uppháir skór við gallabuxur og töff ullarfrakki er svo nauðsynleg eign fyrir veturinn.

**Er eitthvað sérstakt sem mun standa upp úr í vetur?** Köflótt munstur verður ríkjandi í vetur, bæði í blazer-jökkum og jakkafötum. Við blazer-jakka eru svo léttar ullarpeysur í fallegum brúnum litum fallegar og einnig í vínrauðum lit. Fallegur trefill er svo oft nauðsynlegur fylgihlutur fyrir herra.

**Hvaða íslenskri hönnun ertu spenntastur fyrir þegar kemur að karltísku?** Mér finnst það sem Bergþóra er að gera hjá Farmers Market alltaf mjög töff.

**Hvaða flík áttu eftir að nota mest í vetur?** Það er stuttur ullarfrakki sem ég nota bæði við jakkaföt sem og gallabuxur. Hann verður besta flíkin til að eiga í vetur.

## Sindri Þórhallsson,

verslunarstjóri í Húrra Reykjavík.



**Hvað mun helst einkenna karlmannatískuna í vetur?** Það sem mun einkenna tískuna í vetur er í raun framhald af síðasta vetri. Hettupeysur munu halda áfram að vera áberandi hjá strákum og það sama á við um rúllukragapeysur. Einlitar ullarpeysur eru alltaf vinsælar á haustin, peysur sem bæði er hægt að vera í einum og sér en eru líka fallegar yfir skyrtu. Þær vörur sem koma á haustin eru að auki oft mjög svipaðar hvað litaval varðar, mikið um jarðliti eins og grænan, gráan, kamel og rauðan.

**Er eitthvað sérstakt sem mun standa upp úr í vetur?** Mér sýnist á öllu að mikil eftirspurn sé eftir flottum hettupeysum og ég held því að þær muni standa upp úr í vetur, bæði einlitar og einnig með lógói.

**Hvaða íslenskri hönnun ertu spenntastur fyrir þegar kemur að karltísku?** Satt best að segja hef ég lítið fylgst með íslenskri hönnun fyrir karla upp á síðkastið og er þar af leiðandi ekki inni í því sem er að gerast í þeim efnum.

**Hvaða flík áttu eftir að nota mest í vetur?** Sú flík sem ég mun sennilega nota hvað mest í vetur er dúnúlpa sem ég keypti mér fyrir stuttu frá Han Kjøbenhavn. Hún mun koma sér vel í vetur þegar kalt er í veðri.

Kynningarnámskeið og fyrirlestur 22. - 25. sept.
Alþjóða heilsu Qigong samband
5 helstu ástæður þess að iðka qigong
Qigong (borið fram "tsí-gong") er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir "lífskraftur", og gong, sem merkir "nákvæmar æfingar".
1. Aukin vellíðan og lífsþróttur
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarts- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.
2. Dregur úr þrálátum sársauka
Með hjálp sjónar og stjórn hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt.
3. Betra blóðstreymi
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.
4. Dregur úr spennu
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggju- og áráttuhegðun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.
5. Byggir upp sjálfsvirðingu
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.
DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
Skráning í síma 553 8282
HEILSU DREKINN
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is


hjá
Hrafnhildi
Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# SYKURLAUST GÓÐGÆTI

Það er auðveldara en margir halda að útbúa góðan mat án sykurs. Sérstaklega ef stuðst er við hin fjölmörgu matarblogg sem innihalda uppskriftir að slíku ljúfmeti.



Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is

Á haustin huga margir að heilsunni og taka mataræðið í gegn. Sumir ganga svo langt að taka út allan sykur í september en aðrir láta sér duga smávægilegri breytingar. Mörgum vex sykurleysið í augum og hætta við að prófa það þrátt fyrir að langa kannski til þess. Þeim til hughreystingar er bent á að auðvelt er að nálgast sykurlausar uppskriftir á netinu og margir þeirra sem halda úti matarbloggum halda sykurlausum uppskriftum til haga á síðum sínum. Einnig eru til uppskriftasíður sem innihalda einungis sykurlausar uppskriftir.

Ein þeirra er síðan Dísukökur sem Hafdís Priscilla Magnúsdóttir heldur úti en þar má finna fjölda uppskrifta að bæði mat og kökum sem innihalda hvorki hvítan sykur né hveiti.

Margir þekkja Ragnhildi Þórðardóttur sem Röggu nagla. Hún heldur úti vinsælli síðu þar sem finna má ýmsar sykurlausar uppskriftir. Hér koma nokkrar uppskriftir frá þeim Hafdísi og Röggu sem eru tilvaldar fyrir þá sem vilja prófa sykurlausan lífsstíl.



Ljúffengir Snickers-molar án hvíts sykurs.

Hafdís Priscilla Magnúsdóttir heldur úti vinsælli matarsíðu, Dísukökur. MYND/VALLI

## SNICKERS-MOLAR HAFDÍSAR

**50 g smjör**
**1 dl rjómi**
**1 msk. sukrin gold**
**Stevíudropar**
**1-2 msk. hnetusmjör**
**30 g saxaðar hnetur, var sjálf með salthnetur**
**Sykurlaust súkkulaði til að bræða**

### Aðferð

Smjör, rjómi, sukrin og stevíudropar sett í pott og hrært í. Þegar suðan kemur upp er stillt á lægsta hita og leyft að malla í 30 til 40 mínútur. Hræra í á 10 til 15 mínútna fresti. Alls ekki hræra of mikið því þá skilur blandan sig. Einnig þarf að passa að ekki brenni við. Best að halda sig nálægt eldhúsinu, allavega þegar karamellan er gerð í fyrsta sinn. Þegar blandan er orðin þykkari og búin að malla á lágum hita í 30 til 40 mínútur er hnetusmjöri bætt út í. Því næst eru hnetur settar í og blandað vel saman við karamelluna. Sett í silikonform og inn í frysti í 1,5 til tvær klukkustundir eftir þykkt. Brjóta nokkra mola af súkkulaði og bræða yfir heitu vatnsbaði og setja á karamelluna. Gott að strá smá salti yfir súkkulaðið. Skera svo í litla munnbita og geyma í lokuðu íláti í ísskápnum.

## SPÍNATPITSA FRÁ HAFDÍSI

**2 góðar lúkur af fersku spínati – rífið stilka frá**
**1 egg**
**100 g rifinn ostur**
**Pitsukrydd og hvítlaukskrydd eftir smekk**

### Aðferð

Skolið spínat undir köldu vatni. Setjið það síðan í blandara eða matvinnsluvél ásamt eggi og maukið. Spínatið á að verða að vökva. Bætið við ostinum og blandið smá í viðbót ásamt kryddinu. Penslið bökunarpappír með olíu eða notið pam-sprey. Dreifið úr botninum á bökunarpappírnum svo úr verði um það bil 12 tommu botn. Best er að nota hendurnar og gera þetta varlega. Setjið botninn inn í ofn á 200 gráður og bakið í tólf til fimmtán mínútur eða þar til hann er aðeins gylltur. Setjið á pitsuna sykurlausa pitsusósu (Hunt's eða gerið sjálf) og það álegg sem þið viljið. Bakið aftur þar til osturinn er gylltur.



Spínatbaka Hafdísar er girnileg.

## ASPASHUMMUS AÐ HÆTTI RÖGGU NAGLA

**1 búnt aspas**
**1 dós kjúklingabaunir**
**1 tsk. Monki tahini (sesamsmjör)**
**Safi og börkur af einni sítrónu**
**1 msk. Himnesk hollusta sítrónuólífuolía**
**1 hvítlauksrif**
**Salt og pipar**

### Aðferð:

Bakið aspas í 200°C heitum ofni. Blandið síðan öllu draslinu saman í matvinnsluvél eða blandara eða bara með töfrasprota. Gumsið í skál og berið fram með ristuðu rúgbrauði.



Ragga nagli lumar á mörgum hollum uppskriftum. Hún heldur áhugavert námskeið, Nærumst í núvitund, næsta miðvikudag sem verður í Heilsu og spa. MYND/STEFAN



Gott er að gæða sér á samloku með aspashummus að hætti Röggu Nagla.



## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



**FLOTTUR !**
Audi Q7 Quattro S-line 06/2008 ek 69 þ.km 7 manna bíll með öllu bakkmyndavel, leður, ofl, verð 4.9 mil !!!



**ÓDÝR-7 MANNA !**
M-Benz GL450 4matic, 10/2007 ek 215 þ.km , Gott eintak, 7 manna, leður, lúga ofl topp þjónusta, verð nú aðeins 2990 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2008, ekinn 182 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.350.000. Rnr.991702.



VW Polo comfortline. Árgerð 2012, ekinn 84 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.142034.



HYUNDAI I30 classic ii. Árgerð 2015, ekinn 32 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.750.000. Rnr.280146.



Kia Sorento. Árgerð 2013, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991992. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN



KIA Sorento luxury 2,2 200hö. Árg 2016, ek 35 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Tilboð 6.690 þús. Rnr.101032. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



KIA Ceed lx 1.4 new. Árg 2015, ek 45 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Tilboð 2.690 þús. Rnr.100849. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



KIA Picanto. Árg 2016, ek 38 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboð 1.560 þús. Rnr.100648. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

STÓRA BÍLASALAN



BMW 730 Dísel Árgerð 11/2008. Ekinn 150þ.km. Einn með ÖLLU! Bíll í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi. Toppeintak. Verð 6.490.000kr. Raðnr 135682. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100bilar.is bílasala



Honda CR-V Elegance new, 6/2015, ek 71 þús km, bensín, sjsk, tilboðsverð 4.490 þús, er á staðnum, raðnr 152605.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Lexus RX350. Luxury týpan. 2008 ÁRG. Ek. 39.000 km. Aukabúnaður. Bakkmyndavél, GPS, Topplúga, Hægt að hækka og lækka bílinn. Mark Lewison græjur. Nýleg heilsársdekk. Topp eintak sem er mjög vel með farinn. Ásett verð 4.200.000 Uppl. í s. 8920378 Sveinn

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

## Sendibílar

Renault Master sendibíll til sölu. Árg. '03 Þarfnast smá viðhalds. TILBOÐ og einnig Volo X90 7manna árg. '03 ek 97þús mílur. Ásett 2.200.000 Uppl. í s. 699 7887

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

**FAGLEG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA.**
Veitum einstaklingum með rekstur, litlum og meðalstórum lögaðilum alhliða bókhaldsaðstoð, jafnframt höfum við þjónustað einstaklinga með skattframtöl.

Uppl. í síma 824 3739 eða 820 9310

**Bókhald - Bókhald**
**Laun - skattframtöl.**
Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.




**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## skemmtanir





# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

## Leikir helgarinnar:

**Föstudaginn 16. sept**
**18:50 Chelsea - Liverpool**

**Laugardaginn 17. sept**
**13:50 Hull City - Arsenal**

**Sunnudaginn 18. sept**
**10:50 Watford - Man. United**
**15:20 Tottenham- Sunderland**

## Hljómsveitin Klettar



**Allir velkomnir**

**Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

Húsamálari getur tekið að sér verkefni hvar sem er á landinu. Skoða allt. S.7792965.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Til sölu sófasett, 2ja manna rúm, straujborð, tölvuborð, náttborð og gamalt sjónvarp. S: 857 6159 kl. 10-16

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

## Húsnæði óskast

Sextugur maður óskar eftir herb. eða studioíbúð til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 650 3707 & verk@verksjon.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

**ATH - ATH - ATH !!**
Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.
**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

**BAR/VEITINGAHÚS**
óskar eftir starfskrafti KVÖLD OG HELGARVAKTIR við afgreiðslu á bar. Helst vönu, aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á: smaar@frettabladid.is merkt "BAR"**

**VITABAR - 11-18 VIRKA DAGA.**
Starfskraft vantar , mánud.-föstud. 11-18. Vantar einnig á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á vitabar@internet.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, flísara, múrara og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax: Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími: 780-1000 e: vinna@verkleigan.is

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**






## tilkynningar

ARNARLAX

### Framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi
### Drög tillögu að matsáætlun

Arnarlax ehf. kynnir drög að tillögu að matsáætlun um framleiðslu á 10.000 tonnum á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, í samræmi við reglugerð ***nr. 1123/2005*** um mat á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun eru birt á heimasíðu Verkís, ***www.verkis.is*** og er almenningur hvattur til að kynna sér drögin og gera athugasemdir.

Athugasemdir sendist á netfangið:
***umhverfismal@verkis.is***

Eða í pósti til:

**Verkís hf. - B.t. Hugrúnar Gunnarsdóttur**
**Ofanleiti 2, 103 Reykjavík**

**Athugasemdum skal skila eigi síðar en 30. september 2016.**

VERKÍS

## tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2016, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2016 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2016, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 16. september 2016***

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
